

HV 2017-042
ISSN 2298-9137



HAF- OG VATNARANNSÓKNIR
MARINE AND FRESHWATER RESEARCH IN ICELAND

Silungurinn í Mývatni
Yfirlit yfir rannsóknir og veiðitölur 1986 - 2016

Guðni Guðbergsson

REYKJAVÍK DESEMBER 2017

Silungurinn í Mývatni
Yfirlit yfir rannsóknir og veiðitölur 1986 - 2016

Guðni Guðbergsson

Skýrsla er unnin í samvinnu við rannsóknastöðina við Mývatn

Upplýsingablað

Titill: Silungurinn í Mývatni - Yfirlit yfir rannsóknir og veiðitölur 1986 - 2016		
Höfundur: Guðni Guðbergsson		
Skýrsla nr: HV/2017-042	Verkefnisstjóri: Guðni Guðbergsson	Verknúmer: 9055
ISSN 2298-9137	Fjöldi síðna: 42	Útgáfudagur: 30. desember 2017
Unnið fyrir: <i>Unnið í samvinnu við rannsóknastöðina við Mývatn</i>	Dreifing: Opið	Yfirfarið af:
<p>Ágrip</p> <p>Guðni Guðbergsson. <i>Silungurinn í Mývatni - Yfirlit yfir rannsóknir og veiðitölur 1986 – 2016.</i> Á undangengnum árum hafa komið fram sveiflur í lífríki Mývatns. Frá 1986 hafa komið tvö hrun í bleikjustofninn hið fyrra 1988 og það síðara 1997. Eftir 1997 sýna bæði mælingar á stofninum og afla að stofninn var orðinn mjög lítill. Ráðleggingar til Veiðifélags Mývatns hafa, frá árinu 2000, verið að draga úr veiðisókn í Mývatni, þar sem bleikjustofninn er orðinn lítill, veiðiálag hátt og sterkar vísbendingar um að hrygning sé takmarkandi fyrir stærð bleikjustofnsins og þar með afla. Á árunum 2011-2016 voru miklar takmarkanir á veiði í Mývatni, samkvæmt nýtingaráætlun Veiðifélags Mývatns sem staðfest hefur verið af Fiskistofu. Samkvæmt veiðiskýrslum var heildarveiðin í Mývatni 2016 1.476 silungar. Af þeim voru 887 bleikjur og 589 urriðar. Í vetrarveiði í mars veiddust 661 bleikja og 185 urriðar. Á þeim tíma sem bleikjuveiði var óheimil voru skráðar 209 bleikjur sem meðafli í urriðaveiðinni. Heildarsókn var 1.003 lagnir, 526 í vetrarveiði og 477 í sumarveiði. Á árunum 2012 -2015 veiddist meira af stórum bleikjum í rannsóknaveiðum en dæmi voru um á fyrri árum. Vegna minni sóknar með veiðitakmörkunum eru merki um að hrygningarstofn bleikju hafi stækkað. Árin 2015 og 2016 varð aukning í veiði á smábleikju sem var tveggja og þriggja ára, sem þýðir greinilegan bata á nýliðun.. Bleikjan verður kynþroska 4-6 ár og er þá 40 – 50 cm löng. Ljóst er því að uppbygging stofnsins mun enn taka nokkur ár og mikilvægt að sá bati nái inn í hrygningarstofn áður en sókn verður aukin. Holdastuðull bleikjunnar hefur verið yfir meðaltali síðustu ár og síðustu tvö árin hækkaði hlutfall langhalaflóar og kornátu í fæðunni, en hornsíli er í mjög litlu magni í fæðunni. Fram hafa komið sterkar vísbendingar bæði í rannsóknaveiðum og veiðitölum að aukin sókn í urriða hafi gengið verulega á stofnstærð urriða. Að auki kom fram hrun í hornsílastofni vatnsins 2015 en hornsíli eru uppistaðan í fæðu urriða. Í því ljósi var dregið frekar úr sókn í urriða með fækkun neta 2016.</p>		

Í Mývatni vex urriði hægar en bleikja og er lengur að ná veiðanlegri stærð. Ef viðkoma minnkar geta liðið nokkur ár áður en það kemur fram í veiði. Þar sem hornsíli eru aðalfæða urriða er líklegt að hrun í hornsílastofninum muni hafa áhrif á viðgang hans. Mikilvægt er að áfram verði mjög takmörkuð sókn í bleikju í Mývatni. Vegna þess hve vaxtarhraði bleikju í vatninu er almennt mikill og fiskar stórir þegar þeir verða kynþroska er eindregið mælt með að í framtíðinni verði ekki notaðir smærri möskvar en 50 mm (mælt á legg). Mörg undanfarin ár hefur lágmarksmöskvi neta miðast við 43 mm en í þau veiðist bleikja niður í 3ja ár og ca 550 g. Sú bleikja er enn ókynþroska. Með því að stækka möskva má vænta þess að hver fiskur komi til með að skila meiri þyngd í afla og fleiri árgangar komi til að geta staðið undir veiðinni ár hvert. Með því verði einnig fleiri árgangar í hrygningarstofni og þess vænst að dregið geti úr veiðisveiflum. Stækkandi veiðistofn ætti að koma fram í hækkun afla á hverja sóknareiningu bæði í netaveiði bænda og rannsóknaveiðum. Eindregið er ráðlagt að veiðisókn í bleikju og urriða verði haldið í lágmarki og a.m.k. ekki aukin frá því sem nú er.

Abstract

Since the first settlement harvest of Arctic charr has been of great importance for the local community. Catch records, from the farmer's Fishery Association are available from 1900 to present time. The catch shows great fluctuations from over one hundred thousand fish in the early 1920's and down to two thousand fish in the latest years. The Arctic charr has been monitored for the past 31 years where fish have been caught with a standard series of gillnets with mesh sizes from 16,5–50mm. The changes in stock size can by large extent be explained by changes in food available for fish. Two years with high fish mortality during summer time has been observed in 1988 and 1997. At this time the abundance of suitable food was low the diet changed from chironomids and zooplankton to sticklebacks. The charr had low condition factor leading to high mortality of young charr. After 1988 the charr stock recovered. Since the second summer crash in 1997 the stock has remained at very low levels. In the latest years the fishing mortality in Lake Myvatn has been high leaving only few mature charr for spawning and low recruitment. The stock has had reduced reproductive capacity. Since 2011 the fishery effort has been reduced by strict fishing regulations. For the past three years an increased recruitment has been observed and the stock is now in a rebuilding phase. It is strongly recommended that strong fishing regulations continues until reproduction in the fish stock increases and can regarded to have harvestable surplus. It is recommended to increase the mesh size of gill nets to 50 mm to allow fishing escapement in a regulated fishery.

Lykilorð: bleikja, urriði, veiði, vöktun.

Undirskrift verkefnisstjóra:



Undirskrift forstöðumanns sviðs:



Efnisyfirlit	Bls.
Töfluskrá.....	i
Myndaskrá.....	ii
Inngangur	1
Veiðisaga Mývatns – ágríp.....	3
Aðferðir	7
Niðurstöður	9
Netaveiðar bænda.....	9
Rannsóknaveiðar.....	10
Holdarfar	10
Fæða.....	11
Stærð veiðistofns	11
Umræður.....	13
Þakkarorð	18
Heimildir.....	19
Töflur.....	21
Myndir.....	26

Töfluskrá

Tafla 1. Afli silunga og fjöldi lagna í Mývatni á árunum 1985-2016 skipt milli bleikju og urriða, Syðriflóa og Ytriflóa og milli vetrar- og sumarveiði. *The catch of Arctic charr, brown trout, number of net/night and catch per unit effort (CPUE) in the commercial fishery in Lake Myvatn 1985-2016 divided by season and between the North and South basin of the lake.*

Tafla 2. Sókn og afli bleikju og urriða í netaveiði í Mývatni árið 2016 skipt eftir mánuðum. *The fishing effort, by month, measured in the number of net/night in Lake Myvatn.*

Tafla 3. Heildarafli bleikju í vetrarveiði, heildarfjöldi lagna í vetrarveiði, “megin veiðivikur”, afli í veiðiviku, jafna aðhvarfslínu afla á móti uppsöfnuðum fjölda lagna, aðhvarfsstuðull (R^2), hlutfall þess sem hvert net tekur af veiðistofn (q) veiðistofn í upphafi veiðitíma (N_0) og hlutfall veiði af veiðistofni í upphafi veiðitíma. Mat á stofnstærð frá árinu 2011 hefur byggst á veiði eftir dögum í mars. *Arctic charr catch, number of nets in gillnets in winter fishery (net/nights), equation of the regression line, regression coefficient (R^2), the coefficient (q) the proportion of stock one net takes over one night. The estimated stock size in the beginning of the fishing season (N_0) and the exploitation rate (%).*

Myndaskrá

1. mynd. Kort sem sýnir staðsetningu veiðisvæða í rannsóknaveiðum í Mývatni. *Location of sites for monitoring fishery in Lake Myvatn.*

2. mynd. Fjöldi veiddra silunga í Mývatni á árunum 1900 – 2016 samkvæmt veiðiskýrslum Veiðifélags Mývatns. Gefin er meðalveiði tímabila. *Annual catch of Arctic charr and brown trout in Lake Myvatn 1900-2016 as recorded by the Myvatn Fisheries association. The mean catch for periods is given.*

3. mynd. Skráð urriðaveiði í Mývatni á árunum 1970-2016 samkvæmt veiðiskýrslum. Urriðaveiði í Mývatni 1981 og 1982 var ekki skráð sérstaklega. Sýnd er meðalveiði yfir tímabilið. *Annual catch of brown trout in Lake Myvatn 1970–2016 as recorded by the Myvatn Fisheries Association. The average catch is given. No catch recording is available for 1981–1982 due to fishing regulation by quota.*

4. mynd. Meðalafli silungs (bleikju og urriða) á hverja sóknareiningu (netanótt) í Mývatni á árunum 1985-2016. *Average catch per unit effort (CPUE, net/night) of Arctic charr and brown trout in Lake Myvatn 1985–2016.*

5. mynd. Meðalafli bleikju og urriða á hverja sóknareiningu í vetrarveiði í Syðriflóa og Ytriflóa Mývatns á árunum 1985-2016. *Average catch per unint effort (net/night) of Arctic charr and brown trout in the South and North basin of lake Myvatn during the winter fishing season 1985-2016.*

6. mynd. Meðalafli bleikju og urriða ha hverja sóknareiningu í sumarveiði í Syðriflóa og Ytriflóa Mývatns á árunum 1985-2016. *Average catch per unint effort (net/night) of Arctic charr and brown trout in the South and North basin of lake Myvatn during the summer fishing season 1985-2016.*

7. mynd A. Lengdardreifing bleikju í rannsóknaveiðum í Syðriflóa Mývatns á árunum 1986-1992. *The length distribution of Arctic charr in monitoring fishery in Lake Myvatn 1986-1992.*

7. mynd B. Lengdardreifing bleikju í rannsóknaveiðum í Syðriflóa Mývatns á árunum 1993 - 1999. *The length distribution of Arctic charr in monitoring fishery in Lake Myvatn 1993-1999.*

7. mynd C. Lengdardreifing bleikju í rannsóknaveiðum í Syðriflóa Mývatns á árunum 2000 - 2006. *The length distribution of Arctic charr in monitoring fishery in Lake Myvatn 2000-2006.*

7. mynd D. Lengdardreifing bleikju í rannsóknaveiðum í Syðriflóa Mývatns á árunum 2007 - 2013. *The length distribution of Arctic charr in monitoring fishery in Lake Myvatn 2007-2013.*

7. mynd E. Lengdardreifing bleikju í rannsóknaveiðum í Syðriflóa Mývatns á árunum 2014 - 2016. *The length distribution of Arctic charr in monitoring fishery in Lake Myvatn 2014-2016.*

8. mynd. Hlutfallslegt (%) frávik meðalþyngdar bleikju í rannsóknarveiðum í Syðriflóa Mývatns frá meðalþyngd árána 1986 – 2000. Meðalþyngd hveirrar lengdar er reiknuð út frá aðhvarfslínu sambands lengdar og þyngdar (J táknar veiði að vori og S að hausti). *Deviation from the average weight (1986-2000) of Arctic charr in monitoring fisheries in Sydriflóa of Lake Myvatn 1986–2016. (J = June, S = September).*

9. mynd. Hlutfallsleg skipting fæðu bleikju í rannsóknaveiðum í Mývatni 1986-2016 (S táknað fæðu síðsumars og J í júní). *Stomach content of Arctic charr in monitoring sampling in Lake Myvatn 1986–2016.*

10. mynd. Meðaltalsafli möskva rannsóknaneta í Mývatni. Tekin er saman afli 16,5-25 mm möskva sem mat á fjölda smábleikju og 30-50 mm sem mat á fjölda í veiðistofni. *Catch per unit effort (CPUE) of Arctic charr in Lake Myvatn for combined mesh sizes 16,5-25mm and 30-50 mm, which is the catchable part of the stock.*

11. mynd. Tengsl stofnmats (árið t) metið út frá aflu í 30 – 50 mm möskva í rannsóknaveiði og stofnmats metið út frá aflu í vetrarveiði árið á eftir (t+1). Mat árána 2015-2016 er sýnt með rauðum punkti. *The relationship between the estimated stock size in the monitoring fishery and the estimated stock size at the beginning of the subsequent fishing season.*

12. mynd. Tengsl aflu í sumarveiði og vetrarveiði árið á eftir. Sumarveiði 2015 og vetrarveiði 2016 er auðkennd með rauðum punkti. *The relationship between the catch of Arctic charr in the summer and subsequent winter fishing season in Lake Myvatn.*

13. mynd. Tengsl fjölda lagna og aflu bleikju (fjöldi) í vetrarveiði 1985-2016. Veiði 2016 er auðkennd með rauðum punkti. *The relationship between the number of nets and the catch of Arctic charr (number) in the winter fishing season in Lake Myvatn 1985-2016.*

14. mynd. Tengsl fjölda lagna og aflu (fjöldi) bleikju í sumarveiði. Veiði 2016 er auðkennd með rauðum punkti. *The relationship between the number of nets and the catch of Arctic charr in numbers in the summer fishing season in Lake Myvatn 1985-2016.*

15. mynd. Tengsl fjölda lagna og aflu (fjöldi) bleikju á árunum 1985-2016 samanlagt fyrir sumar- og vetrarveiði. Veiði 2016 er auðkennd með rauðum punkti. *The relationship between the number of nets and the total catch of Arctic charr and brown trout in Lake Myvatn 1985-2016.*

16. mynd. Afli (fjöldi) bleikju á hverja sóknareiningu í Mývatni árunum 1985-2016 skipt milli vetrarveiði og sumarveiði. *The catch per unit effort (CPUE in numbers) of Arctic charr for the winter and summer fishing season 1985-2016.*

17. mynd. Fjöldi lagna (net x nótt) skipt milli vetrarveiði og sumarveiði í Mývatni á árunum 1985-2016 skipt milli Syðriflóa og Ytriflóa. *The number of net/nights used in the commercial fishery in Lake Myvatn for the winter and summer fishing season in the North and South basin of Lake Myvatn.*

18. mynd. Afli bleikju (fjöldi fiska) á hverja sóknareiningu (fjöldi neta) í rannsóknarveiðum í Mývatni 1986-2016 skipt á milli Syðriflóa og Ytriflóa. *Catch per unit effort (CPUE in numbers) of Arctic charr in the South and North basin of Lake Myvatn.*

19. mynd. Afli urriða (fjöldi fiska) á hverja sóknareiningu (fjöldi neta) í rannsóknarveiðum í Mývatni 1986-2016 skipt á milli Syðriflóa og Ytriflóa. *Catch per unit effort (CPUE) of brown trout in the South and North basin of Lake Myvatn*

20. mynd. Hlutfall á milli aflu bleikju og urriða á hverja sóknareiningu í rannsóknaveiði í Mývatni á árunum 1986-2016. *The proportion of Arctic charr to brown trout catch per unit effort (CPUE) in Lake Myvatn 1986-2016.*

Inngangur

Á árinu 2016 var tekin saman skýrsla með yfirliti yfir rannsóknir á silungi og samantekt veiðitalna úr Mývatni frá árunum 1986-2015 (Guðni Guðbergsson 2016). Í þeirri skýrslu var byggt á sömu aðferðum og gert var við samantekt gagna til ársins 2000 (Guðni Guðbergsson 2004). Í þessari samantekt eru birt gögn frá sama tímabili að viðbættum rannsóknagögnum og veiðitölum til ársins 2016. Hluti þessa verks er því endurtekning á texta sem þó er álitid nauðsynlegt til að halda yfirsýn og samhengi við túlkun niðurstaðna. Veiðiárin 2011 - 2016 hafa verið óvenjuleg í Mývatni vegna strangra takmarkana á veiðisókn í kjölfar þess að bleikjustofn vatnsins var orðinn afar smár. Við slíkar aðstæður getur hann ekki staðið undir veiði og mikilvægt að byggja hann upp að nýju.

Mývatn er á Norðausturlandi og liggur í 277 m hæð yfir sjávarmáli og er flatarmál þess um 37 km². Vatnið skiptist í tvo flóa, Syðriflóa sem er um 29 km² og Ytriflóa sem er um 8 km². Innstreymi vatns til Mývatns er að mestu frá lindum einkum við eystri hluta vatnsins. Útfall Mývatns er um þrjár kvíslar, Geirastaðaskurð, Miðkvísl og Syðstukvísl til Laxár og er meðalársrennsli um 33 m³sek⁻¹ (Jón Ólafsson 1979). Af fiskum eru bleikja (*Salvelinus alpinus*), urriði (*Salmo trutta*) og hornsíli (*Gasterosteus aculeatus*) í Mývatni. Af bleikju eru tvö útlitsafbrigði í vatninu, Mývatnsbleikja sem er hraðvaxta og nær almennt nokkurri stærð (40-50) cm við kynþroska og krús sem er undirmynnt og smávaxið afbrigði bleikju sem einkum heldur til í og við kaldar lindir við austurbakka vatnsins. Auk þess eru gjáarlontur (hellableikja) í hraunhellum og uppsprettulindum umhverfis Mývatn (Guðni Guðbergsson, 1994a, 1994b, 2004, Jón Kristjánsson 1991).

Elstu heimildir um silungsveiði í Mývatni hafa varðveist í sögu Guðmundar góða Hólabiskups “er hann lét kasta á drætti í Reykjahlíð, um páskaleytið laust eftir 1200 og var þá netið fullt af silungi þó ekki væri áður”. Var þá mettað allt fylgdarlið hans. Saga veiða úr Mývatni frá því um miðja 19. öld hefur að nokkru verið rakinn. Má þar nefna frásögn Stefáns Stefánssonar frá Ytri-Neslöndum sem birt var í grein Bjarna Sæmundssonar í Andvara (1923). Jónas Helgason frá Grænavatni greindi frá silungsveiði við Mývatn í ritgerð frá 1966 sem er að finna í skjalasafni Veiðimálastofnunar (nú Hafrannsóknastofnunar). Lýsir Jónas veiði frá bæjum í Mývatnssveit fjær vatninu ásamt legu uppsátra og örnefnum sem tengdust veiðum og verkun silungs. Jafnframt lýsir Jónas fornum verkunaraðferðum og örnefum tengdum birgjum sem silungur var geymdur í og þurrkaður. Minnst hann á heitin “útipurr” og “einætur” um þurrkaðan silung. Mun þessi aðferð hafa verið notuð fyrir þann tíma að farið var að salta silung fyrir reykingu. Veiðar frá bæjum sem ekki áttu land að Mývatni mun hafa lagst af eftir stofnun Veiðifélagsins (forveri Veiðifélags Mývatns var stofnað 1905) sem einungis landeigendur við vatnið áttu aðild að.

Illugi Jónsson á Bjargi í Mývatnssveit fjallaði um silungsveiði í Mývatni í viðtali við Jón R. Hjálmarsson í Árbók Þingeyinga (1987). Þá ritaði Þorgrímur Starri Björgvinsson (1991) um veiði

og náttúruafar Mývatns í ritgerð „Mývatn fyrr og nú“ í apríl 1991 en hún er óbirt en er að finna m.a. í skjalasafni Hafrannsóknastofnunar.

Mývatn er eitt af frjósömustu vötnum landsins og þekkt fyrir auðgi fugla og fiska. Allmiklar rannsóknir hafa verið gerðar á Mývatni og lífríki þess. Má þar nefna Náttúru Mývatns (Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson 1991, ritstjórar), Lake Mývatn, sérhefti tímaritsins Oikos (Pétur M. Jónasson 1979) og fjölmargar greinar í Aquatic Ecology, árgangur 38, Nr. 2 sem kom út 2004 í ritstjórn Árna Einarssonar og Ramesh D. Gulati. Nú standa yfir viðamiklar rannsóknir á grunnþáttum lífrænnar framleiðslu í Mývatni auk þess sem Rannsóknastöðin við Mývatn stendur að viðamikilli vöktun á umhverfisbreytum og stofnum þörungna, plantna, dýra og fugla.

Kísilgúrdæling hófst úr Mývatni 1967 og var full vinnsla kominn á um 1970 og stóð dæling samfelld í um 30 ár. Dæling af botni Mývatns var ætíð umdeild en af veiðitölum að dæma má sjá að um líkt leyti og dæling hófst byrjaði samdráttur í silungsveiði úr vatninu og stóð með nokkrum sveiflum um stöðugt lægra meðaltal til 2006 þegar aðeins um 2400 silungar voru skráðir í veiðiskýrslur. Um áhrif dælingar af botni vatnsins á lífríki Mývatns hefur margt verið ritað og ekki ástæða til að rekja frekar hér en henni var hætt 2004.

Rannsóknir þær er hér frá greinir eru unnar í samvinnu Veiðimálastofnunar og Rannsóknarstöðvarinnar við Mývatn. Þær eru hugsaðar sem vöktunarrannsóknir (kerfisbundnar endurteknar mælingar) og eru framhald rannsókna sem staðið hafa árlega frá 1986. Áður hafa verið teknar saman skýrslur með niðurstöðum rannsókna í allmörgum skýrslum (Guðni Guðbergsson 1991, 1992, 1993, 1994a,b, 1995, 1996 og 1997). Árið 2000 var tekin saman skýrsla yfir skiptingu skráðrar veiði milli Ytriflóa og Syðriflóa (Guðni Guðbergsson 2000). Heildstæð samantekt yfir niðurstöður rannsókna var gerð 2004 (Guðni Guðbergsson 2004). Þessi samantekt er framhald þeirra rannsókna með uppfærðum niðurstöðum til og með árinu 2016 líkt og gert var á árunum 2010 - 2015 (Guðni Guðbergsson 2010, Guðni Guðbergsson 2011, 2012, 2013, 2014 og 2015).

Á árunum 1986 til 1992 voru rannsóknarveiðar tvisvar á ári, á vorin í júní og á haustin í september, en frá árinu 1993 hefur verið farin ein rannsóknarferð um mánaðarmót ágúst og september. Á þeim tíma sem mælingar voru gerðar tvisvar á ári kom fram allgóð samsvörun milli mælinga vor og haust á lykilþáttum fyrir framvindu fiskstofna Mývatns. Rannsóknirnar á bleikju í Mývatni hafa sýnt að megin viðburðir og “hrun” í silungastofninum hafa gerst yfir sumartímam en á rannsóknatímanum komu fram hrun sumurinn 1988 og 1997 (Guðni Guðbergsson 1997 og 2004). Tímasetning rannsókna um mánaðarmótin ágúst-september og er til þess að fá sem besta mynd af silungastofnum vatnsins á þegar nýliðun og vöxtur silungs yfir sumarið er að mestu leyti kominn fram og áður en haustveður verða ríkjandi.

Rannsóknirnar beinast að því að fylgjast með stærðar- og aldurssamsetningu silungastofnanna í Mývatni, vexti fiska, viðgangi, fæðu, holdafari, afla og veiðisóknásamt

tengslum þessara þátta við aðra mælda þætti bæði lífræna og ólífræna. Við mat á afla og veiðinýtingu voru lagðar til grundvallar veiðiskýrslur frá Veiðifélagi Mývatns. Frá árinu 1985 hefur Veiðimálastofnun séð um samantekt og úrvinnslu veiðiskýrslna úr Mývatni. Eru þær til skráðar á tölvutæku formi á þeim tíma í þeirri upplausn sem frumgögn bjóða uppá. Yfirleitt er um að ræða daglega veiði í fjölda fiska skipt milli bleikju og urriða, fjölda neta (sókn) og staðsetningu neta sem er a.m.k. skipting á milli Syðri- og Ytriflóa. Með samanburði á sókn og afla má sjá breytingar afla á hverja sóknareiningu sem getur gefið vísbendingar um breytingar á stofnstærðum.

Á árinu 2010 kom út skýrsla með greiningum vaxtar bleikju úr Mývatni á nokkrum tímabilum frá 1941. Frá 1941 hafa varðveist hreisturssýni af bleikju úr Mývatni sem gefa mikilsverðar upplýsingar um vöxt bleikju og árgangaskiptingu hennar í afla (Guðni Guðbergsson og Kristinn Ólafur Kristinsson 2010). Þar kemur fram að á árinu 1941 voru mun fleiri árgangar í veiði á hverju ári og bleikja í afla náði meiri stærð og meðalpunga en síðar varð. Vöxtur var þá minni en síðar varð væntanlega vegna þess að stofnstærð og samkeppni var meiri á þeim tíma. Niðurstöður þeirrar greiningar benda ekki til að dregið hafi úr vaxtarhraða bleikju í Mývatni og af þeim gögnum ekki hægt að sjá annað en að geta til vaxtar sé til staðar hjá bleikjunni.

Veiðisaga Mývatns – ágríp

Mývatn hefur um aldir verið eitt af fengsælustu veiðivötnum landsins og byggði fólk í Mývatnssveit löngum afkomu sína að talsverðum hluta á þeirri veiði sem vatnið gaf. Mývatn er nú eitt fárra vatna á Íslandi þar sem silungsveiði er enn stunduð af bændum sem hluti af hefðbundnum búskap.

Mannvistarleifar frá fyrstu búsetu á Hofsstöðum í Mývatnssveit benda til að þar hafi silungur verið á borðum frá fyrstu byggð. Samkvæmt frásögn Stefáns Stefánssonar frá Ytri-Neslöndum í Andvara (Bjarni Sæmundsson 1923) um veiði í Mývatni á síðari hluta 19. aldar hafa skipst á góð og slæm veiðiár í Mývatni. Það bendir til þess að sveiflur hafa lengi verið í lífríki í Mývatns. Samkvæmt sömu heimild var mál manna góð og slæm veiðiár skiptust á með um 7 ára millibili en að jafnan væri verri veiði í kjölfar hitasumra. Rannsóknir á dýraleifum úr borkjörnum sem teknar hafa verið úr botnseti vatnsins hafa einnig sýnt fram á að sveiflur hafa verið í öðrum dýrastofnum vatnsins þegar litið er til langs tíma (Árni Einarsson 1991, Árni Einarsson o.fl. 2004).

Upplýsingar um veiði í Mývatni sem Veiðifélag Mývatns hefur safnað eru lengstu samfeldu veiðitölur úr stöðuvatni sem til eru hér á landi svo vitað sé. Veiðitölurnar sýna áberandi mikinn topp í silungsveiði um 1920 sem ekki hefur síðar verið náð. Hafa má í huga að á þessum tíma hafa allmiklar breytingar orðið á ástundun og veiðitækjum. Árið 1905 var stofnað félag um veiði í Mývatni, forveri Veiðifélags Mývatns. Það var stofnað vegna þess að mönnum fannst

veiði hafa minnkað og að of hart væri sótt í silunginn. Aðgerðir miðuðu að friðun á hluta riðastöðva, stemma stigu við vargi á riðum (fugli) og síðar að stunda fiskrækt með hrognaklaki (Gjörðarbók Veiðifélags Mývatns, afrit í varðveislu Hafrannsóknastofnunar). Samkvæmt veiðiskýrslum var afli á þessum árum mun meiri en hann hefur verið hin síðari ár þótt veiðitæki hafi verið frumstæðari þá. Ekki liggja fyrir upplýsingar um sókn frá þessum tíma. Veiðitölur benda sterklega til þess að stofnstærð hafi verið mun meiri á þeim tíma. Frá árinu 1912 hafa verið í gildi reglur um að ekki mætti nota net með smærri möskum en 11/2 tomma (38 mm á legg) og lágmarksstærð þeirra fiska sem drepa má í dorg- og dráttarveiðum væri ekki undir 12 þumlungum (31,38 cm). Riði (möskvastærð) í lagnetum mun jafnan hafður stærri. Var þetta gert til að koma í veg fyrir dráp á smáfiski og gefa smásilungnum færi á að vaxa og auka með því verðmæti veiðanna. Auk þess var mælst til þess að hver jörð stundaði ekki dráttarveiði á tveimur riðum, sem þá voru friðuð. Þá var hvatt til þess að ábúendur reyndu að stemma stigu við fjölda afræningja á fiskum sem einkum voru fuglar sem taldir voru éta silung og/eða hrogn þeirra (Gjörðarbók Veiðifélags Mývatns). Á árunum fyrir 1930 var veiði einkum stunduð með fyrirdrætti á riðum á haustin og á hitasilungi (hitasilungur er heiti yfir silung sem sækir í kaldara vatn á lindarsvæðum og safnast þar saman) á sumrin. Dorgveiði var stunduð gegnum ís á vetrum. Eftir að lagnet komu til sögunar voru þau lögð undir ís með því að þræða spíru á milli vaka en árið 1931 fékk Búnaðarfélag Íslands til landsins mann frá Kanada til að leiðbeina við veiðar undir ís. Kom hann með tæki “kafara” sem íslenskir landnemar höfðu kynnst þar í landi, var hann sér útbúinn til þess að leggja net undir ís (Jón R. Hjálmarsson 1987). Kafari er fjöl með spyrnu sem dregur sig undir ísinn þegar togað er í spyrnuna með þræði. Þegar kafarinn var kominn milli vaka var hægt að binda net í þráðinn og draga þau á milli vakanna. Nokkurt lag þarf til að miða rétt á milli vaka, “skjóta kafaranum” á milli vakanna. Þessi tækni er enn notuð við vetrarveiðar en ísabroddar eru notaðir til að höggva göt á ísinn.

Á þriðja tug 20. aldar var reist klakhús í Ytri-Neslöndum og síðar í Garði. Þar voru klakin hrogn og kviðpokaseiðum bleikju sleppt (Þórður Flóventsson 1929). Fiskrækt með sleppingu kviðpokaseiða stóð fram yfir 1960 þegar klak var aflagt.

Eins á áður sagði var fyrirdráttur (veiði með dráttarnetum) ein af megin veiðiaðferðunum og meðal annars stundað að draga fyrir undir ís á riðastöðvum á haustin og fyrri hluta sumars. Ádráttartaugum var þá komið undir ís um vakir og ádráttarnetið dregið í vök sem gerð var í ísinn við land.

Frá árinu 1967 hefur lágmarksmöskvastærð lagneta verið 43 mm og lágmarksstærð þess silungs sem má drepa 33 cm.

Þeir sem land eiga að vatninu eiga einir veiðirétt. Veiði í Mývatni var öllum veiðiréttarhöfum jafnheimil í almenningi utan netlaga en netlög (landhelgi) eru 60 faðmar (120m) frá landi. Svæðið innan netlaga tekur til um 20% af flatarmáli vatnsins. Árið 1978 var gerð arðskrá fyrir Veiðifélag Mývatns þar sem eignarhluti hvers lögbýlis í almenningi var metinn. Veiðirétti

einstakra lögbýla var síðar deilt á milli jarða þar sem ákveðnum fjölda neta var skipt hlutfallslega milli lögbýla samkvæmt arðskránni.

Árið 1919 voru reistar stíflur í útfalli Mývatns til áveitu sem hækkaði eitthvað vatnsborð vatnsins. Hugsanlegt er að þær hafi átt einhvern þátt í þeirri miklu veiði sem kom árin þar á eftir, t.d. vegna útskolunar áburðarefna af landi en ekki hefur verið hægt að tengja það með beinum hætti þótt veiðitoppurinn eftir 1920 geti bent í þá átt.

Netin sem notuð hafa verið til veiða í Mývatni hafa breyst í gegnum árin. Um 1930 var farið að nota lagnet til veiða og voru þau í fyrstu riðin úr ull og bómull. Fyrst eftir að farið var að nota net voru þau þrír möskvar á dýpt en veiðin batnaði þegar þau voru dýpkuð í fjóra möskva og af sumum kölluð hænga net. Um 1940 komu nylon net til sögunnar og girnisset um 1960. Þessar framfarir gerðu að verkum að hin nýju veiðarfæri voru veiðnari en þau sem notuð voru áður. Utanborðsvélar á báta komu til sögunnar um 1950 en við það opnaðist allt vatnið fyrir veiði.

Upplýsingar um silungsveiði í Mývatni ná aftur til aldamóta 1900 og eru mikilsverð heimild um framgang silungastofna og nýtingu þeirra. Afkoma og menning í Mývatnssveit er nákomnari veiði og nýtingu á öðrum hlunnindum frá vatninu en gerist í öðrum byggðarlögum hér á landi. Silungsveiði er samofin afkomu fólks í sveitinni og má telja að veiðar og verkun silungs sé órjúfanlegur hluti af búskap og menningu í Mývatnssveit.

Lengst af var veitt úr Mývatni eins og fiskaðist, utan lögbundinnar friðunar um riðatíma frá 27. september til áramóta og reglna um lágmarksstærð afla var eftir því sem veiðitæki og tækni gáfu tilefni til. Eftir að arðskrá var gerð fyrir vatnið 1970 hefur fiskveiðistjórnun verið með sóknarmarkskerfi þar sem tilteknum fjölda neta er deilt milli veiðiréttarhafa samkvæmt einingafjölda í arðskrá. Veiðitímabilinu var skipt í vetrarveiði og sumarveiði. Vetrarveiði var lengst af frá 1. janúar til 15. maí en á síðari árum hefur veiði yfirleitt ekki hafist fyrr en 1. febrúar. Misjafnt hefur verið milli tímabila hvort veitt hefur verið í maí eða ekki en reyndin hefur verið sú að þá er veiði yfirleitt lítil og erfitt að stunda hana meðan ísa leysir. Mögulegt er að veiða í maí frá þeim jörðum þar sem jarðhita eða kaldavermsla gætir með landi og þar sem ísa leysir fyrst. Sumarveiði hófst lengst af 1. júní og stóð til 27. september. Frá því að arðskrá var gerð hefur stjórnun veiðanna verið með sóknarmark og var heimilt að veiða með allt að 350 net hverju sinni í sumarveiðum og 150 í vetrarveiðum. Þessum tiltekna fjölda neta var deilt út eftir arðskránni. Reyndin hefur verið sú að í vetrarveiði hefur daglegur meðalfjöldi neta sjaldan farið yfir 50 og 100 í sumarveiði. Þegar sóknarmarki var komið á við stjórnun veiðanna fækkaði netum í Mývatni. Um 1960 er talið er að þau hafi verið yfir 400 á nóttu að sumarlegi (Jón Kristjánsson 1991). Í sumarveiði var miðja Syðriflóa friðuð fyrir veiði. Tilgangurinn var bæði til að gefa silungi frið til vaxtar og til að draga úr hættu á að fugl festist í netum. En nýttjar hafa einnig verið af fugli í Mývatnssveit, einkum til eggjatöku (Finnur Guðmundsson 1979).

Frávik frá þessari veiðistjórnun var að á árunum 1980-1984 var notast við kvótakerfi til stjórnunar á veiði og heildarkvóti ákveðinn á grundvelli stofnstærðarmats sem gert var út frá niðurstöðum rannsókna (Jón Kristjánsson og Hákon Aðalsteinsson 1984).

Frá 2004 voru settar frekari veiðitakmarkanir með fækkun veiðidaga í Mývatni til að draga úr sókn. Veiðidögum var fækkað í kjölfar þess að silungur var orðinn mjög fálíðaður og afli í raun lítill.

Frá 2008 hefur verið beitt takmörkun á sókn í Mývatni með styttingu veiðitíma en auk þess hefur réttur hvers veiðiréttarhafa til ráðstöfunar á veiðidögum verið rýmkaður. Í breytingunum fólst einnig að veiðiréttarhafi sem skilaði ekki veiðiskýrslu á þar til gerðum eyðublöðum fyrir ákveðin tíma fengi ekki úthlutað veiðileyfi fyrir næsta ár samkvæmt samþykktum aðalfundar. Frá árinu 2008 – 2010 var sá fjöldi neta sem má vera samtímis í vatninu 250 og skiptast þau milli veiðiréttarhafanna eftir arðskrá Veiðifélagsins. Veiðitímabilið var samfelld frá 15. febrúar til 31. ágúst. Þann fjölda neta sem veiðiréttarhafi hefur leyfi fyrir mátti leggja 40 sinnum innan þessa tímabils. Netatala hvers og eins veiðiréttarhafa var hámark á netafjölda hvern dag. Veiðiréttarhafar gátu dreift veiðinni á fleiri daga með því að nota færri net í hvert sinn. Friðað svæði var í vestanverðum Syðriflóa að sumri en ekki í vetrarveiði. Með breytingum sem gerðar voru á veiðireglunum vorið 2008 var reynt að koma betur til móts við misjafnar aðstæður til veiða og óskir þeirra er veiðirétt eiga til þess að auðvelda notkun réttarins. Átti það einkum við um þá sem hafa minnstan veiðiréttinn skv. arðskrá og að netatala hvers og eins er jöfn allt veiðitímabilið. Samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði er öll veiði óheimil í Mývatni án leyfis veiðifélagsins og samkvæmt samþykktum félagsins skal það vera skriflegt. Samkvæmt reglum félagsins ber því að taka gjald fyrir leyfin er standa skal undir útgáfu þeirra, merkingu neta og áætluðum kostnaði vegna veiðivörslu sem hefur verið á höndum stjórnar eða sum ár með sérstökum veiðieftirlitsmanni.

Í veiðiráðgjöf Veiðimálastofnunar til Veiðifélags Mývatns hefur frá árinu 2007 verið eindregið hvatt til þess að dregið verði úr sókn sem allra mest vegna þess hve bleikjustofn vatnsins er orðin lítill og vegna þess hve veiðihlutfall hefur verið hátt á hverju ári. Fiskistofa hefur tekið undir þau sjónarmið við umfjöllun um nýtingaráætlanir sem Veiðifélagi Mývatns ber að gera.

Fyrir árið 2011 var ákveðið á aðalfundi veiðifélagsins að vetrarveiði væri eingöngu stunduð á tímabilinu 1. til 14. mars. Möskvastærð yrði 43-45 mm og fjöldi neta mest 87 samtímis í vatninu, sem gerir 875 lagnir alls (ein lögn er eitt net yfir eina nótt). Frá 15. mars og út veiðitímabilið til 31. ágúst var öll bleikjuveiði óheimil en veiðiréttarhöfum heimilt að veiða í eigin landhelgi með netum með 50mm möskva. Heildarsókn á þessu tímabili var miðuð við 5.000 lagnir og veiði með 250 netum í 20 daga. Óheimilt var að drepa silung undir 34 cm. Allt vatnið var friðað á tímabilinu frá 31. ágúst til 15. mars. Frá 15. mars til loka veiðitíma var almenningur utan netlaga friðaður fyrir allri veiði nema dorgveiði en dorgveiði var

veiðiréttarhöfum ótakmarkaður utan netlaga á veiðitímabilinu. Leyfi til dorgveiða í almenningi var í höndum Veiðifélagsins (upplýsingar frá Veiðifélagi Mývatns). Vegna veiðibanns á bleikju var sókn að mestu í urriða innan netlaga á árinu 2011 ef fyrri hluti mars er frá talinn. Þessar sömu veiðireglur voru í gildi árin 2012 til 2014 samkvæmt nýtingaráætlun.

Veiðireglum var breytt fyrir veiðitíma 2016. Á tímabilinu 20.05-31.08 er veiðiréttarhöfum heimilt að stunda veiðar með lagnetum sem hafa möskvastærð 50mm eða meira á milli hnúta og efnisþykkt 0,3mm eða meira. Heimilt er að hafa allt að 250 net samtímis í vatninu í 10 daga innan veiðitímabilsins. Heildarfjöldi lagna er 2.500. Á þessum tíma er bannað að veiða bleikju í net og óheimilt að drepa silung undir 34 cm. Almennur í vatninu er friðaður fyrir allri veiði nema dorgveiði og veiði því einskorðuð við eigin landhelgi á þeim tíma. Bleikjuveiði er einungis heimil, í alls 875 lagnir allt að 87 net í 21 dag á tímabilinu 10/3-31/3. Net sömu gerðar og 2012-2013. Aðra öngulveiði en dorgveiði er veiðiréttarhöfum einungis heimil að stunda í eigin landhelgi.

Aðferðir

Eyðublöð til skráningar á veiði hafa verið send til bænda fyrir veiðitíma ár hvert frá 1985. Veiðiskýrslum hefur verið safnað í lok hvers veiðitímabils og úr þeim skráðar upplýsingar rafrænt um afla bleikju og urriða, fjölda neta, veiðidag og veiðistað. Reiknaður er út afli á sóknareiningu þar sem ein lögn er skilgreind sem eitt net sem liggur eina nótt. Veiði er tekin saman sér fyrir vetrar- og sumarveiði og Syðriflóa og Ytriflóa. Á árinu 2011 var söfnun veiðiskýrslna skipt í tvö tímabil það fyrra frá mars til júní og það síðara frá júlí til ágúst. Var það gert að kröfu Fiskistofu við samþykkt nýtingaráætlunar. Veiði hvers mánaðar, sókn og afli á sóknareiningu var tekin saman sérstaklega.

Í rannsóknaveiðum var silungur veiddur í röð lagneta með mismunandi möskvastærðum frá 16.5 - 50.0 mm mælt milli hnúta. Í hverri netaröð eru 9 lagnet og er hvert þeirra 30m langt. Möskvasamsetning netaraðar er ætlað að hafa álíka veiðiálag á allar fiskstærðir yfir 17-18 cm. Nota má sem þumalfingerreglu að möskvi mældur í mm veiði best samsvarandi stóran silung mældan í cm. Í hverri lögn voru net látin liggja eina nótt í hvert skipti og voru 3-4 net hnýtt saman í trossu. Eitt net sem liggur eina nótt er kallað ein lögn og er mælikvarði á sókn og hér er heitið lögn notað sem heiti á sóknareiningu. Afli á sóknareiningu er svo notaður sem mælikvarði og stofnstærð. Lagt var að kvöldi og netin dregin að morgni. Lengst af hefur verið veitt á 10 stöðum í Syðriflóa og í Ytriflóa hefur jafnan verið veitt á djúpum og grunnum svæðum og 2 netaseriur lagðar á hvorn stað, grunn svæði og djúp (1. mynd). Síðsumars 2016 var afar mikið slý á grunnum svæðum Ytriflóa og tekin sú ákvörðun að leggja ekki á þau svæði þar sem líkur væru til að netin fylltust af slýi og því yrði þær veiðar marklausar. Munur á djúpum og grunnum svæðum fellst í að djúpu svæðin eru þau sem kísilgúr hafði verið dælt af á meðan námavinnsla var stunduð úr Ytriflóa Mývatns en grunn svæði eru utan

námasvæðisins. Miðað var við að net væru lögð á sömu stöðum ár hvert (Guðni Guðbergsson 2004). Veiðiátak í Syðriflóa 2016 var alls 90 lagnir (9 met x 10 staðir) en 18 lagnir í Ytriflóa í stað 34 sem hefur verið undanfarinn ár.

Fisklengd var mæld sem sýlingarlengd í cm og lengdardreifing bleikju var tekin saman í súlurit fyrir hvert ár. Af því má sjá lengdarsamsetningu stofnsins á hverjum tíma. Þyngd var mæld í grömmum og samband lengdar og þyngdar (log umbreytt) var reiknað með aðhvarfsgreiningu þar sem $\log \text{þyngd (g)} = b \times \log \text{lengd (cm)} + a$. (Ricker 1975, Bagenal og Tesch 1979). Meðalþyngd bleikju var reiknuð út með því að leysa jöfnu aðhvarfslínunnar fyrir 20, 30, og 40 cm fiska og þyngd hvers árs borin saman við meðaltals þyngd tímabilsins frá 1986-2000 á sama hátt. Með því fæst samanburður og frávik á meðalþyngdum bleikjunnar á hverjum tíma (Guðni Guðbergsson 2004).

Hreistur og kvarnir voru teknar til aldursgreiningar (Jonsson 1976). Aldursgreiningar bleikju í Mývatni eru oft vandkvæðum bundnar þar sem algengt er að kvarnir séu ógagnsæjar (Guðni Guðbergsson 2004). Til bóta getur verið að láta kvarnir liggja í etanóli í 8-10 klst. fyrir aldursgreiningu en við það verða áhringir skýrari í flestum tilfellum.

Fæða í mögum var greind með sjónmati á vettvangi og skipt hlutfallslega eftir rúmmáli hverar fæðugerðar (Windell og Bowen 1978). Magafylling var metin og skipt í 5 stig þar sem 0 er tómur magi en 5 troðinn magi. Hlutfallsleg samsetning fæðugerða var metinn sem prósentu hlutfall hveirrar fæðugerðar x fyllingarstig deilt með summu fyllingarstiga (Amundsen 1995, Guðni Guðbergsson 2004).

Í staðbundnum fiskstofnum má áætla að vöxtur og nýliðun að vetri undir ís sé afar lítill. Sé veitt úr stofni minnkar hann og ef veiði á hverja sóknareiningu fellur má reikna út stærð veiðistofns í upphafi veiða (Ricker 1975). Þar með má fá mat á stofnstærð. Á sama hátt má reikna hversu stóran hluta stofnsins hver sóknareining tekur af heildarstofni en þessari aðferð hefur áður verið beitt til að meta stofnstærð bleikju í Mývatni með góðum árangri (Jón Kristjánsson og Hákon Aðalsteinsson 1984). Með því að gera ráð fyrir því að hver sóknareining í rannsóknaveiðum veiði að meðaltali hlutfallslega jafn stóran hluta veiðanlegs stofn og hvert net í vetrarveiði má fá mat á stofnstærð á hverjum tíma. Þá stærð má síðan bera saman við veiðitölur og meta þar með veiðihlutfall þ.e. hve hátt hlutfall veiðanlegs stofns er veitt. Einnig fæst samanburður á milli stofnsmats í rannsóknaveiðum, afla og stofnmats út frá falli afla á sóknareiningu í vetrarveiði. Með því fæst mat á gæði ganga og aðferða (Guðni Guðbergsson 2004). Stofnstærð væntanlegs veiðitímabils var reiknuð út frá afla neta í rannsóknaveiði með möskvastærðir frá 30-50 mm mælt milli hnúta en gera má ráð fyrir að sá silungur sem í þau veiðist sé af þeirri stærð og úr þeim hluta stofnsins sem er til staðar í vatninu í veiðanlegri stærð eða væntanlegur inn í veiði næsta veiðitímabil á eftir. Stofnmat árána 1985-2010 var reiknað út frá meðaltali hveirrar viku í vetrarveiði en vegna veiðitakmarkana frá 2011 hefur verið stuðst við veiði á þeim dögum sem veiðin stóð yfir. Árin 2014-2015 var ekki hægt að

reikna stofnstærð út frá afla í vetrarveiði þar sem sókn var lítil og stofn hafði stækkað það mikið að ekki kom fram fall í afla á sóknareiningu. Aftur á móti kom fall í afla á sóknareiningu í vetrarveiðinni 2016.

Niðurstöður

Netaveiðar bænda

Miklar sveiflur hafa verið í afla í Mývatni en árleg meðalveiði frá aldamótum 1900 – 2015 var 26.375 silungar samkvæmt veiðiskráningum. Veiði var mest fyrstu árin eftir 1920 þegar hún fór yfir 100 þúsund silunga á ári (2. mynd). Veiði á árunum 1930 – 1969 var að jafnaði 31.272 silungar. Meðalveiði árána 1970-2016 var 12.810 silungar en meðalveiði 2007-2016 (síðustu 10 ár) var aðeins 3.678 silungar. Árið 2016 veiddust aðeins 1.476 silungar sem var minnkun um 1.132 silunga frá 2015 þegar 2.608 silungur veiddist. Hafa þarf í huga að miklar veiðitakmarkanir hafa verið í gildi síðustu ár. Alls skiluðu 28 af 36 veiðiréttarhöfum veiðiskýrslum fyrir árið 2016 (78%). Allmargir veiðiréttarhafar höfðu ekki sótt veiðileyfi til Veiðifélagsins og í einhverjum tilfellum var veiðiheimild ekki nýtt eða framseld til annarra.

Veiði á urriða hefur verið aðgreind í veiðitölum frá 1970 ef frá eru talin árin 1981 og 1982 þegar veiði var stýrt með veiðikvóta og skráningu tegunda í veiði ekki haldið aðskildum. Að meðaltali hefur urriðaveiðin verið 1.740 urriðar á ári á þessu tímabili en urriðaveiði hefur verið mun minni og stöðugri en bleikjuveiðin (3. mynd). Urriðaveiðin 2016 var alls 589 urriðar sem er um þriðjungur af skráðri urriðaveiði 2015 sem var alls 1.834 urriðar. Af urriðunum veiddust 419 (71%) í Ytriflóa en 170 (29%) í Syðriflóa.

Bleikjuveiðin 2016 var alls 887 bleikjur en af þeim veiddust 17 á stöng. Alls veiddust 661 bleikja í vetrarveiði og 209 í sumarveiði. Megnið af bleikjuveiðinni var í Syðriflóa alls 695 (78%). Veiði á bleikju jókst um 113 frá 2015 þegar 774 bleikjur veiddist.

Nokkrar breytingar koma fram í afla á hverja sóknareiningu (netanótt) hjá netabændum en hann hefur verið 1,25 silungar í net að meðaltali á árunum 1985-2016. Afli á sóknareiningu hefur mest farið í 2,84 silunga í net árið 1988 en var minnst 0,56 árið 1989 og 0,58 árið 2007. Afli á hverja sóknareiningu var alls 1,45 silungar árið 2016 fyrir samanlagða vetrar- og sumarveiði bleikju og urriða samanborið við 1,24 árið 2015 (4. mynd, tafla 1) og því er um aukningu að ræða á milli ára. Á árinu 2016 var bann við bleikjuveiði ef frá er talin vetrarveiði frá 10. -31. mars. Aðeins veiddist þó af bleikju sem meðafli í urriðaveiði sumarsins eins og búast má við en sá fjöldi var 209 bleikjur eða um 24% af skráðum heildar bleikjuafli í net (tafla 2). Afli urriða á hverja sóknareiningu var mestur í apríl 3,35 en heildarveiði þann mánuð var 67 urriðar.

Heildarafli á sóknareiningu hækkaði frá 2008 – 2014 eftir lægð frá árinu 2000, minnkaði svo aftur 2015 en var lítið hærri 2016 og rétt ofan við meðaltal tímabilsins frá 1985 (4. mynd). Munur er á afla á hverja sóknareiningu á milli Syðriflóa og Ytriflóa og milli bleikju og urriða. Meðalafli bleikju í vetrarveiði var lægri í Ytriflóa en í Syðriflóa og hefur lengst af verið svo (5. mynd). Meðalafli í bleikju í Ytriflóa hefur hækkað undanfarin ár en breyst minna í Syðriflóa þar sem hann er rétt undir meðaltali. Meðalafli urriða í net í vetrarveiði hefur minnkað mikið bæði í Syðriflóa og Ytriflóa síðustu ár. Hafa verður í huga að urriðaafla hækkaði í báðum flóum fyrst eftir 2010 í kjölfar breytinga á veiðireglum. Meðalafli bleikju í net í sumarveiði hækkaði frá fyrra ári bæði í Syðriflóa og Ytriflóa árið 2016. Sama ár lækkaði meðalafli urriða í net bæði í Syðriflóa og í Ytriflóa (6. mynd).

Rannsóknaveiðar

Í rannsóknaveiðum hafa net verið lögð með sambærilegum hætti og á sömu staði á hverju hausti síðustu 31 ár eða frá 1986-2016 að báðum árum meðtöldum ef frá er talið að ekki var unnt að leggja net á grunn svæði Ytriflóa 2016. Lengdardreifing afla bleikju í rannsóknaveiðum í Syðriflóa segir því allmikla sögu um þróun og framvindu í samsetningu bleikjustofnsins (7. mynd A-E). Miklar breytingar hafa komið fram í lengdardreifingu á þessum tíma og sá fjöldi sem veiðst hefur verið afar mismikill eða frá 533 bleikjum 1995 og niður í 21 bleikju sumarið 2007. Hér er því um 25 faldann mun að ræða en hafa verður í huga að aldurs- og þyngdardreifing getur verið ólík og þar með heildarþungi veiddra fiska. Eins og áður hefur komið fram varð hrun í bleikjustofni Mývatns sumarið 1988 og aftur 1997 (Guðni Guðbergsson 1997 og Guðni Guðbergsson 2004). Í kjölfar hrunsins 1988 tók nokkur ár fyrir stofninn að ná sér aftur á strik en í raun hefur hann aldrei náð sér eftir hrunið 1997. Þegar hrunin urðu var það einkum smærri bleikjan sem féll en stærri bleikja náði að lifa af og standa undir veiði næstu veiðitímabil á eftir. Í mælingum 2015 og 2016 varð vart við aukningu á smábleikju í Mývatni en hún veiddist þá í meira mæli en árin þar á undan. Einnig varð vart við meira af stærri bleikju en áður og höfðu margar þeirra hrygnt áður (7. mynd E).

Holdarfar

Holdafar var reiknað út frá aðhvarfi lengdar og þyngdar (log umbreytt) þar sem jafna aðhvarfslínunnar var leyst fyrir 20, 30 og 40 cm bleikju. Frávik hvers árs var reiknað út frá meðaltali árána 1986-2000. Á þeim árum sem hrun komu fram í bleikjustofninum þ.e. 1988 og 1997 var holdafar langt undir meðaltali (8. mynd). Sömu sögu var reyndar að segja 1993 án þess að vart yrði við fækkun árin á eftir. Enn var lægð í holdafari 2003 en holdafar hefur verið vel yfir meðallagi frá 2005 þótt fram komi lækkun haustið 2009 og síðan aftur hækkan 2010. Frá árinu 2005 hefur holdafar verið yfir meðaltali og það hæsta á umræddu tímabili árin 2006 og 2008 eftir það fór holdastuðull lækkandi í 3 ár til 2011. Holdastuðull lækkaði enn frá 2012-2015 hækkaði aftur 2016 (8. mynd).

Fæða

Fæða bleikju hefur verið nokkuð breytileg á þeim tíma sem samfelld gögn ná yfir (8. mynd). Á þeim árum sem holdafar bleikjunnar hefur verið hæst hefur hlutfall smárra krabbadýra, einkum kornátu (*Eurycercus lamellatus*) og einnig langhalaflóar (*Daphnia longispina*) í mögum verið hvað hæst en hlutfall hornsíla verið hærra í þeim árum sem holdafar hefur verið lakara. Frá 2007 fór hlutdeild hornsílis vaxandi til 2011 þegar það var um helmingur af magainnihaldi bleikjunnar í Mývatni (9. mynd). Sumurin 2012 og 2013 voru rykmý, langhalafló og kornáta ríkjandi í fæðu bleikjunnar. Sumarið 2014 var hornsíli aftur orðið í meirihluta sem gæti verið vísbending um minnkandi stofna fyrr talinna tegunda. Sumurin 2015 og 2016 voru, langhalafló og kornáta aftur orðin uppistaðan í fæðu bleikjunnar en lítið var þá af hornsíli í fæðu bleikjunnar.

Stærð veiðistofns

Ef gengið er út frá því að ekki sé nýliðun í veiðistofni sem nokkru nemi yfir vetrarmánuðina og veitt er úr stofnum má gera ráð fyrir að það gangi á veiðistofninn. Þegar þannig háttar til eyðist það sem af er tekið. Það kemur fram í því að afli á sóknareiningu fellur yfir veiðitímann. Hægt er að nota upplýsingar um veiði og afla á sóknareiningu til að fá mat á veiðistofn í upphafi veiðitímans. Á tímabilinu frá 1986 hefur reiknuð stofnstærð í upphafi veiðitíma í vetrarveiði verið frá 21.892 silungar 1986 og niður í 238 veturinn 2006 (Tafla 3). Á þeim tíma hefur hlutfall þess sem veiðist verið frá 103% og niður í 65% sem telja verður hátt miðað við þessa aðferð en hafa verður í huga að fræðilega getur veiðihlutfall ekki varið yfir 100%. Vegna veiðitakmarkana var einungis veitt í stuttan tíma að vetri 2011 - 2016 og stofnstærð í upphafi veiðitíma reiknuð út frá fyrstu 14 dögum í mars. Ekki kom fall í afla á sóknareiningu í vetrarveiði 2014 og 2015 í fyrsta sinn á frá 1986 sem sýnir að ekki var gengið á veiðistofninn þau ár. Slíkt fall kom fram í veiði 2016 og mat á stofnstærð í upphafi veiðitíma var 747 silungar og veiðihlutfall 74%. Greinilegt fall verði í afla á sóknareiningu yfir tímabilið árin 2011-2013 en líta verður á niðurstöðu stofnmats með fyrirvara. Sé lítið til þess mats kemur fram að veiðistofn í upphafi veiðitíma hafi verið 1.163 bleikjur 2011, 1.865 bleikjur 2012 og 948 í byrjun mars 2013. Veiðistofninn minnkaði þau ár þrátt fyrir að dregið væri úr sókn og að samkvæmt því mati hafi veiðihlutfall verið 35% 2011, 31% 2012 og 38% 2013. Ekki varð fall í veiði 2014 og 2015 og því ekki til eiginlegt mat á veiðistofni og veiðihlutfalli. Frá og með 2011 er R^2 mjög lágt (0,7-0,42 flest önnur á yfir 0,7) sem gerir það að verkum að áreiðanleiki stofnstærðarmatsins er á þeim tíma minnkar vegna þess að veiðitíminn er styttri. Eins og áður sagði var veiðistofn 2016 metin 747 silunga og veiðihlutfall 74%.

Fjöldi þeirra bleikja sem veiðast í möskva neta í rannsóknaveiði lækkaði eftir 1997 og hefur haldist lágur síðan allt til 2015 þegar hann fór aftur vaxandi og var kominn yfir meðaltal tímabilsins frá 1986 (10. mynd). Það á bæði við um smáa möskva og stóra. Smærri möskvarnir

veiða þann hluta stofnsins sem er að alast upp en stærri möskvarnir það sem er í veiðanlegum stofni og er væntanleg nýliðun í veiðistofn á komandi veiðitímabili. Rannsóknaveiðarnar 2015 og 2016 gefa vísbendingar um aukna nýliðun smábleikju. Afli stærri bleikju hefur einnig aukist lítillega líkt og búast má við þegar dregið er úr sókn. Þetta eru vísbendingar um að bleikjustofn Mývatns fari nú stækkandi.

Tengsl hafa komið fram í stofnmati tilraunaveiða og veiði í vetrarveiði á næsta veiðitímabili á eftir til ársins 2009 ($R^2 = 0,47$, $p < 0,05$) (Guðni Guðbergsson 2010). Tengsl mats á stofnstærð (N_0) í upphafi vetrarveiði og stofnmats út frá tilraunaveiði 2016 liggur nærri aðhvarfslínunni. Hafa verður þó í huga að um mjög lágar tölur er að ræða en að stofninn fari stækkandi. Mat á stofnstærð í upphafi veiðitíma 2013 gaf 1.058 bleikjur og 1.865 í upphafi veiðitíma 2012. Ekki liggur fyrir eiginlegt mat fyrir 2014 og 2015 en matið fyrir 2016 var 747 bleikjur. Tengsl stofnmats og stofnstærðar í veiðistofni bleikju út frá afla á sóknareiningu í rannsóknaveiði og stofnmats í byrjun vetrarveiði hefur legið neðan línu sambandsins síðustu ár en hefur nú hækkað eins og búast má við þar sem dregið hefur verið úr sókn (11. mynd).

Tengsl koma fram milli afla bleikju í sumarveiði og vetrarveiði næsta ár ($R^2 = 0,54$, $p < 0,001$) (12. mynd). Veiði hvers sumars hefur því ákveðið forspárgildi varðandi veiði næsta veiðitímabils á eftir. Jafnframt eru sterk tengsl á milli fjölda bleikja í afla og fjölda lagna í vetrarveiði ($R^2 = 0,87$, $p < 0,001$) (13. mynd) og í sumarveiði ($R^2 = 0,85$, $p < 0,001$) (14. mynd). Sömu tengsl héldust fyrir sókn og afla fyrir sumar og vetrarveiði samanlagt ($R^2 = 0,85$, $p < 0,001$) (15. mynd).

Afli bleikju á hverja sóknareiningu lækkaði í kjölfar fækkunar bleikju sumrin 1988 og 1997 en jókst svo aftur þegar bleikjustofninn náði sér aftur á strik árin þar á eftir þegar nýliðun jókst á nýjan leik. Á árunum frá 2000 – 2009 var afli á sóknareiningu undir meðaltali átti það einkum við um vetrarveiði. Afli á sóknareiningu breyttist lítið milli áruna 2009 og 2010, lækkaði frá 2011 til 2015 en hækkaði aftur 2016 enda sóknin að mestu í urriða (16. mynd). Sókn þ.e. fjöldi netanáttu hefur verið breytilegur á milli flóa og milli sumar- og vetrarveiði en fellur fyrir báða flóa og bæði yfir sumar og vetur (17. mynd).

Afli bleikju á hverja sóknareiningu í rannsóknaveiðum hefur í megin atriðum fylgst að fyrir Syðriflóa og Ytriflóa frá árinu 1986 en hækkaði 2015 og 2016 í kjölfar aukinna nýliðunar smábleikju í Syðriflóa (18. mynd). Sambærileg aukning kom ekki fram í Ytriflóa. Á sama tíma hefur afli urriða á hverja sóknareiningu einnig haldist svipaður í báðum flóum (19. mynd). Á tímabilinu frá 1993 til 2010 fór afli urriða sóknareiningu vaxandi hefur en fallið síðan til 2016 þegar hann er orðinn svipaður og var 1993. Þetta bendir til þess að stofn urriða hafi stækkað nokkuð eftir að bleikju fækkaði í kjölfar hrunsins 1997. Einnig kemur fram að afli á sóknareiningu lækkaði frá 2010. Vegna veiðitakmarkana jókst sókn í urriða og er líklegt að þá hafi verið veitt umfram veiðiþol stofnsins og því verið um ofveiði að ræða. Sumarið 2015 varð hrun í hornsílastofni Mývatns (Árni Einarsson munnl. uppl.). Hlutfall afla bleikju og urriða á

hverja sóknareiningu í rannsóknarveiðum sýnir að bleikjustofninn hefur verið allt að 20 sinnum stærri en urriðastofninn í Mývatni á árunum 1986 og 1993-1994 (20. mynd). Eftir 1997 varð þessi munur minni og ef hlutfallið er undir 1 eru fleiri urriðar en bleikjur í afla í rannsóknaveiðum. Hlutfall bleikju hækkaði 2015 og 2016.

Umræður

Á árunum frá 1930-1969 var meðalveiði í Mývatni rúmlega 31 þúsund silungar á ári. Meðalveiði var um 13 þúsund silungar árin 1970-2016 en veiði síðustu 10 ár (2007-2016) hefur að meðaltali verið um 3.678 silungar. Á því 116 ára tímabili sem veiðiskráningar ná yfir hefur veiði verið mjög breytileg og kaflaskipt. Veiðifélag Mývatns var stofnað 1905 í því skyni að hafa áhrif á minnkandi veiði í vatninu. Metveiði var síðan á árunum um 1920 þrátt fyrir að veiðitæki væru ófullkomnari en síðar varð og megnið af veiðinni væri í dorgveiði. Á árunum frá 1930-1970 komu fram sveiflur í veiði en ekki mjög krappar lægðir. Á þeim tíma urðu framfarir í veiðitækni og veiðisókn. Kaflaskil urðu síðan eftir 1970 og sveiflaðist veiði um sífellt lægra meðaltal fram til 1997 en eftir það hefur veiði verið afar lítil. Hafa verður í huga að miklar veiðitakmarkanir voru og bann við bleikjuveiði síðustu 6 ár, ef frá er talin vetrarveiði í mars, og bleikja því verið meðafli í urriðaveiði utan veiðinnar í mars.

Urriðaveiði í Mývatni hefur verið að meðaltali um 1.740 urriði á ári frá 1970 en á þeim tíma sem urriðaveiði hefur verið skráð sérstaklega. Urriðaveiðin verið hlutfallslega mun stöðugri en bleikjuveiðin yfir það tímabil sem tölur ná til. Veiði á urriða sýnir að stofnstærð urriða sé mun minni en bleikjunnar og að hún hafi verið aðalnytjastofn vatnsins fram til þess tíma að henni fækkaði 1997. Aukning varð í skráðri urriðaveiði 2010-2012 en síðan hefur hún minnkað og var árið 2016 sú minnsta sem skráð hefur verið. Skýring aukningarinnar (2010-2012) getur legið í nokkrum þáttum en þeirra á meðal getur verið bætt skráning, aukin sókn í urriða, stækkandi stofn urriða auk þess sem sleppingar urriðaseiða gætu verið að skila sér. Ekki er auðvelt að skera úr um hver þessara þátta vegur þyngst en líklegast er bæði um að ræða aukna sókn í kjölfar breyttra veiðireglna og stækkandi stofn í kjölfar fækkunar í bleikjustofninum. Sú minnkun í urriðaveiði sem kom fram frá 2013 eru merki sem vert er að taka alvarlega. Vegna banns á bleikjuveiði var frekar reynt að leggja fyrir urriða. Afli urriða á hverja sóknareiningu (lögn) lækkaði frá 2011 í Syðriflóa en hefur haldist svipaður í Ytriflóa. Lækkun afla á sóknareiningu gefur sterka vísbendingu um að minni afli úr urriðastofninum á milli ára, sé vegna þess að gengið hafi verið á veiðistofn urriða umfram nýliðun. Afli á sóknareiningu í rannsóknaveiðum bendir til þess sama. Miða verður veiðisókn við að stofnar skili hámarksafrakstri eftir hvert foreldri til að tryggja viðgang stofna og áframhaldandi möguleika til sjálfbærrar nýtingar. Að öðrum kosti halda stofnar áfram að minnka. Rétt er því að draga úr sókn í urriða. Urriðaveiðin 2016 var takmörkuð með fækkun neta en miðað við ástand stofnsins nú er ráðlegt að takmarka veiðina enn frekar. Á fyrri árum hefur urriði verið í minnihluta í veiði í Mývatni en aðkallandi er að taka heildstætt saman þau gögn sem til eru

um hann úr rannsóknum og aflaskráningum ásamt tengslum við aðra stofna eins og hornsíla. Út frá meðallengdum bleikju og urriða við sama aldur sést að hann vex mun hægar en bleikjan og að einnig er farið að draga úr vexti hans við lægri aldur en bleikjunnar. Lægri vaxtarhraði leiðir til þess að nýliðun urriða skilar sér inn í veiðanlega stærð á lengri tíma en nýliðun bleikju. Sumarið 2015 varð hrun í hornsílastofni Mývatns (Árni Einarsson munnl. uppl.) og má sjá að hlutdeild hornsíla í fæðu bleikju síðan hefur ekki verið lægra frá 1997.

Sú mikla fækkun sem orðið hefur í bleikjuveiði Mývatni hefur valdið veiðibændum þar miklum búsigfum og tekjutapi. Ætla má að meðalveiði í Mývatni myndi geta gefið 12-18 milljónir á ári en þá er reiknað með 30 þúsund silungum, 0,8 kg meðalþunga og 5-600 kr verði á hvert kg. Ástand Mývatns og veiðileysi er því alvarlegt fyrir afkomu veiðibænda en Mývatn er eitt af fáum vötnum hér á landi þar sem veiðar og verkun er enn talinn hluti af búskap og daglegum gegningum. Hér er einnig um menningarsöguleg verðmæti að ræða, sem vert er að skoða hvernig skal viðhalda, þekking við veiðar og verkun er óvísða jafn samofinn búskap og búsetu og við Mývatn. Á síðari árum hefur áhersla á sérstöðu landsvæða aukist, t.d. í mat úr héraði, farið vaxandi með auknum fjölda ferðamanna.

Að meðaltali hafa 89,2% bleikju í veiðiskýrslum verið með skráðan veiðistað veiðst í Syðriflóa en 10,8 % í Ytriflóa (Guðni Guðbergsson 2000). Hlutfallslega veiðist því meira af bleikju í Syðriflóa þegar miðað er við flatarmál hvors flóa fyrir sig. Þar sem bleikjan er aðalnytjastofn Mývatns og megin hluti bleikjuveiðinnar er úr Syðriflóa vatnsins má, a.m.k í sumum tilfellum líta á hann sem meginstofn vatnsins. Skipting veiði á urriða milli flóa hefur að meðaltali skipst nærri jafnt 50,3% í Syðriflóa og 49,7% í Ytriflóa. Það bendir til að skilyrði fyrir urriða séu hlutfallslega betri í Ytriflóa en Syðriflóa þegar litið er til stærðar þessara hluta vatnsins. Þar geta hrygningarskilyrði og átuskilyrði, m.a. vegna mikils fjölda hornsíla í Ytriflóa í flestum árum vegið hvað þyngst.

Eins og áður hefur verið rakið hefur bleikjustofn Mývatns verið lítill undanfarin ár. Eftir það hrun sem kom fram í bleikjustofninum 1997 hefur veiðistofninn ekki náð sér á strik aftur. Niðurstöður rannsóknaveiðanna 2015 og 2016 gefa vísbendingar um að nýliðun hefði aftur aukist og að bleikjustofninn fari nú aftur stækkandi. Þessi vísbending bendir til þess að árangur friðunar sé nú að verða mælanlegur í rannsóknaveiðum. Það mun síðan taka 2-3 ár þar til þessi aukning getur farið að skila sér í hrygningarstofn. Rétt er því að halda friðunaraðgerðum áfram og í raun ekki skynsemi í öðru. Afli á sóknareiningu í vetrarveiði í mars féll ekki 2014 og 2015 líkt og áður sem bendir til þess að ekki hafi gengið mælanlega á stofninn þau ár en hafa þarf í huga að um stuttan veiðitíma er að ræða og enn er stofninn lítill. Vonir standa til að í framhaldi fari hrygningarstofn hægt stækkandi en að því hefur verið stefnt með veiðitakmörkunum og minnkun sóknar. Með fleiri stórum fiskum í veiðistofni er von til betri nýliðunar en fjöldi hrognar og stærð þeirra eykst með aukinni fiskstærð. Eftir að dregið hefur verið úr sókn hafa fleiri fiskar möguleika til að hrygna oft en einu sinni. Minnkandi sókn á því að koma fram í

fleiri stórum kynproska fiskum og að afli á sóknareiningu á að hækka. Óvissa getur verið um árangur ef vaxandi árgangar hitta á átuleysis ár en ekki eru aðrar leiðir færar.

Þegar lítið er á lengdardreifingu í afla rannsóknaveiða, holdafar bleikjunnar og samsetningu fæðunnar kemur fram að í kjölfar hruns 1988 tók nokkur ár fyrir stofninn að ná sér á strik og að það var aðallega smærri silungur sem hvarf úr stofninum. Hrun varð aftur í bleikjustofninum 1997 og á sama tíma féll holdafar silungsins og hornsíli varð stór hluti af fæðu fiska. Niðurstöðurnar benda til að það hafi því verið smærri silunginn sem varð fyrir fæðuskorti en að silungurinn sem gat nýtt sér hornsíli hafi lifað af (Guðni Guðbergsson 2004). Miklar sveiflur hafa jafnframt komið fram í stofnum smádýra í Mývatni sem margir eru eða geta verið fæða fyrir silung (Arnþór Garðarsson og fleiri 2004, Árni Einarsson og Erla Björk Örnólfsdóttir 2004). Sveiflur hafa jafnframt komið fram í stofnstærð hornsíla (Árni Einarsson og fleiri 2004). Lengi vel var ekki hægt að sjá greinileg tengsl á milli stofnstærðar hornsíla og annarra fæðutegunda, né milli hornsílis og silungsins að minnsta kosti er ekki um neina augljósa tengingu að ræða miðað við þau gögn sem fyrir liggja og greind hafa verið til þessa. Hins vegar eru tengsl á milli stofnstærðar smásilungs og kornátu og einnig rykmýs (lirfa og púpa í mögum) ásamt því að tengsl eru á milli fjölda smásilungs og fjölda unga hrafnсандar (*Melanita nigra*) og skúfandar (*Aythya fuligula*) (Guðni Guðbergsson 2004). Allar líkur eru því til að afkoma silungsins hafi að mestu verið háð fæðuframboði Mývatns á árunum frá 1986 til 2004. Alllangan tíma tók að greina þau tengsl og má segja að það hafi komið verulega á óvart að silungur hafi í raun fallið úr fæðiskorti sumrin 1988 og 1997. Þetta kemur ekki hvað síst á óvart í ljósi þess hve frjósamt Mývatn er. Í raun má segja að í ljósi þess sé með ólíkindum hversu “mikið lítið” fæðuframboð silungsins getur orðið í sumum árum.

Sýnt hefur verið fram á að sveiflur í fæðustofnum Mývatns hafa verið miklar og tíðar í seinni tíð (Árni Einarsson og fleiri 2004). Um langan tíma hefur verið lítið um kornátu og langhalafló í vatninu og líklegast er að sveiflur í átustofnum séu orðnir það tíðar og lægðir djúpar að þeir falli ekki að lífsferli bleikjunnar sem nái ekki að nýta sér þær til vaxtar og viðhalds.

Enn kom Mývatn á óvart þegar hrun varð í hornsílastofninum 2015. Í kjölfar þess minnkaði áta urriða og hefur stofna hans minnkað.

Holdafar bleikju hækkaði á árunum 2005 – 2009 og líkur til að fæða fyrir silung í Mývatni hafi aukist þau ár. Á þeim tíma er líklegt að til hafi verið fæða sem hefði getað nýst fleiri silungsmunnum til vaxtar ef þeir hefðu verið til. Þar sem stofnstærð silungs í vatninu er háð fæðuframboði var ekki talið hægt um vik að stækka silungastofnana né auka veiði hvorki með ræktunaraðgerðum eða með veiðistjórnun á tímum þegar er fæðuskortur. Sú sýn breyttist eftir 2005 þegar holdafar hækkaði án þess að fram kæmi aukning í nýliðun. Eftir 2008 lækkaði holdastuðull silungs aftur og var kominn niður undir meðaltal 2011. Hlutdeild hornsílis í fæðu fór vaxandi á sama tíma og holdastuðull lækkaði en þetta eru sömu merki og áður hafa komið fram á tengslum fæðusamsetningar og holdafars silungs. Þegar þeir átustofnar sem taldir eru

mikilvægastir minnka eykst hlutdeild hornsílis í mögum og holdafar lækkar. Hornsíli er því helst tekið af bleikjunni þegar ekki er aðra fæðu að hafa. Samsetning fæðu silungsins og holdafar hans falla saman við þessar breytingar í átustofnunum. Þessir þættir gætu hafa átt sinn þátt í því að ekki kom fram aukning í nýliðun ungsilungs þótt erfitt sé að aðgreina það frá þætti stærðar hrygningarstofnsins í vatninu. Sumarið 2011 var niðursveifla í átustofnum Mývatns (Árni Einarsson munnl. uppl.). Sumarið 2012 var aftur viðsnúningur á þessum þáttum. Átuástand breyttist til hins betra hvað varðaðar fæðutegundir sem eru eftirsóttar af bleikju.

Vegna þess hve stofnstærð bleikju í Mývatni var orðin lítil var um árið 2000, farið að benda á í ráðgjöf til Veiðifélags Mývatns að draga yrði úr sókn til að eiga til staðar hrygningarfiska á riðum þegar og ef átuástand breyttist til batnaðar. Það hefur sýnt sig að veiðihlutfall á silungastofna í vatninu er hátt, þ.e. það hlutfall sem tekið er af veiðanlegum stofni á hverjum tíma. Veiðimálastofnun lagði til 2007, með bréfi til Veiðifélagsins og til Landbúnaðarstofnunar, sem var yfirvald í veiðimálum á þeim tíma (nú Fiskistofa) að dregið yrði sem mest úr veiði eða helst að henni yrði hætt meðan þetta ástand væri til staðar og stofninn jafn lítill og rannsóknaveiðar og stofnstærðarmat bentu til. Vitað var þó að slíkt yrði erfitt í framkvæmd ekki síst vegna menningarsögulegs gildis veiðanna fyrir veiðiréttarhafa. Þótt ætíð sé nokkur óvissa í mælingu á stærð fiskstofna er ekki tilefni til að efast um að þær mælingar sem gerðar hafa verið sýni að stofnstærð silungs í Mývatni var orðin mjög lítil. Það hefur jafnframt sýnt sig að árleg vöktun þ.e. kerfisbundnar endurteknar mælingar hafi sannað gildi sitt sem mælikvarði á stofnstærð og ástand fiskstofna. Nú er unnið að því að greina stofnstærð út frá rannsóknum á erfðaefni bleikjunnar. Fyrstu vísbendingar benda til þess að stofninn hafi á einhverjum tíma minnkað verulega og gengið gegnum þrengingar sem fellur saman við niðurstöður rannsóknaveiða.

Á þeim tíma sem rannsóknir hafa staðið yfir hafa komið fram tengsl á milli stofnmats í rannsóknaveiðum út frá afla neta með möskva 30-50 mm sem veiðir þá stærð fiska sem eru í veiðanlegri stærð eða nærri nýliðun inn í veiðistofn. Skýrir sambandið tæplega helming af breytileikanum í stofnmati út frá falli á afla á sóknareiningu í vetrarveiði. Ef punktar liggja undir línu hefur verið um ofmat að ræða en ef þeir eru ofan línu er um vanmat að ræða (sbr. 11. mynd). Þar sem um óháðar mælingar er að ræða bendir það til að matið geti gefið sterkar vísbendingar um horfur á komandi veiðitíma. Þau hrun sem hafa komið í bleikjustofninn í Mývatni hafa orðið að sumri til og er hæpið að hægt sé að spá langt fram í tímamann með þessum hætti. Tengsl eru milli afla í sumarveiði og vetrarveiði næsta árs enda ekki líklegt að mikil afföll né nýliðun komi fram á þeim tíma. Stóru atburðirnir verða jafnan yfir sumartímamann. Á árinu 1993 var mat á stofnstærð bleikju langt undir því sem vetrarveiði gaf árið á eftir. Það ár var vatnshiti lágur (Jón Ólafsson 1999) sem og holdafar silungsins (Guðni Guðbergsson 2004). Við þau skilyrði urðu ekki afföll á silungi. Getur það bæði hafa stafað af því að veiðanleiki hafi verið minni eða afföll lægri í kaldara vatni í örðum árunum á tímabilinu

1986-2016 hefur mæling á stofnstærð og nýliðun í veiðistofn verið nærri því sem fram kom síðar í veiðinni.

Tengsl hafa komið fram á milli afla og sóknar sem sýnir að sóknin fer mikið eftir því hvernig veiðist á hverjum tíma. Ef lítið veiðist eru net ekki í vatni og ef veiði er góð fjölgar veiðimönnum og netum. Hins vegar hefur lengi vakið athygli hversu afli á hverja sóknareining er jafnan lágur í Mývatni. Jafnframt að veiðihlutfall er hátt, metið út frá mati á stofnstærð í byrjun vetrarveiði hefur það verið um 80% að meðaltali, og um 50% út frá mati á tilvonandi veiðistofni. Af þessu má ljóst vera að sókn og veiðiálag í bleikjustofn vatnsins er jafnan mikil. Á síðustu árum hefur verið beitt stöðug stífari takmörkunum á sókn með því að stytta veiðitíma og fækka netum. Á árunum frá 2011 hefur verið veiðibann á bleikju nema í vetrarveiði í mars. Veiðihlutfall bleikju af áætluðu stofnmati var komið niður í 35% 2011 um 31% 2012 og 38% 2013. Samkvæmt þessu hafa veiðitakmarkanirnar orðið til þess að draga úr sókn en hægt hefur þókast í þá átt að stækka veiðanlegan stofn og hrygningarstofn sem mun taka nokkurn tíma. Veiðihlutfallið hækkaði aftur 2016.

Yfirleitt hafa niðursveiflur í átustofnum tekið 3-4 ár og mikilvægt að stíga þá öldu á þann hátt að til staðar verði ungsilungar til að nýta sér næstu uppsveiflu í átustofnum. Af þeim ráðum sem eru möguleg til stjórnunar eru breytingar á sókn eini möguleikinn til að hafa áhrif á framvindu auk þess að með því að stækka möskva má fá meiri heildarþyngd afla út úr sama fjölda fiska. Stærri möskvi hlífir jafnframt ungfiski fyrir veiði. Hér er áfram hvatt til þess að veiði bleikju og urriða veriði takmörkuð sem mest í Mývatni. Hrun í hornsílastofnum vatnsins 2015 leiddi til þess að fæða fyrir urriða minnkaði en hornsíli eru uppistað í fæðu hans eftir að seiðastigi lýkur.

Þegar fiskstofnar verða mjög litlir eins og raun er á í Mývatni á síðustu árum, er hætta á að þeir verði það litlir að hrygningarfisk vanti á einhver rið. Með því getur framleiðslugeta silungs í vatninu skerst og afli getur minnkað, a.m.k. tímabundið auk þess sem hugsanlegt er að það hafi áhrif á erfðasamsetningu silungastofnana og fjölbreytileika. Allmiklar rannsóknir fara fram um þessar mundir á áhrifum veiða á fiskstofna almennt í heiminum út frá mögnum ólíkum sjónarhornum t.d. erfðum, vexti, útbreiðslu, hegðun og samkeppni sem og áhrif veiða þar á. Vert verður að gefa niðurstöðum slíkra rannsókna gaum í ljósi þess sem þekkt er um silungastofna Mývatns og það lífríki sem þeir eru hluti af.

Afar brýnt er að áfram verði haldið við rannsóknir og söfnun veiðiskýrsla úr Mývatni. Það rannsóknáttak sem nú er má líta á sem lágmarksátak til að fyljast með vexti og viðgangi silungastofna í vatninu. Sú gagnaröð sem er til ásamt þeirri samfelli í tíma sem gögnin ná yfir er afar dýrmæt og mikilvægt að viðhalda. Með því ætti að fást betri skilningur á samspili umhverfis og stofnsærða og innbyrðis samspili milli þeirra. Rannsóknir og veiðistjórnun byggð á gögnum og þekkingu er einnig mikilvæg undirstaða þess að tryggja sjálfbæra nýtingu silungastofna Mývatns til framtíðar.

Einn af þeim þáttum sem lengi hefur vantað í rannsóknir á silungi í Mývatni er regluleg sýnataka af afla bænda í veiði til að sjá aldursamsetningu fiska og fá mögulegt mat á hversu miklum afla hver árgangur skilar ásamt því að þá hefði líklega mátt beita aldursafلاغreiningu við mat á stofnstærðum. Með þeim hætti væri hægt að fá annað mat á veiðanlegan stofn auk þess sem fram kæmi hversu miklu hver árgangur skilaði í afla. Hugsanlega væri þá hægt að sjá hvort og hvaða tengsl eru á milli stærðar hrygningarstofns og nýliðunar hjá silungi í Mývatni. Þegar stofnstærð og veiði er orðin mjög lítil þarf að huga að öðrum aðferðum við mælingar.

Af þeim upplýsingum sem bæst hafa við 2016 er enn lagt til að haldið verði áfram ströngum veiðitakmörkunum í bleikju og urriða í Mývatni. Ekki verður séð að þó að rýmkun yrði á sókn myndi það skila miklum afla til skamms tíma og að það myndi vinna gegn því sem lagt var af stað með þegar veiðibann var sett á bleikju 2011 og tefja enn fyrir uppbyggingu hrygningarstofna og veiði.

Þakkarorð

Þessar rannsóknir eru unnar í samstarfi Rannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Hafrannsóknastofnunar. Rannsóknir á fyrri hluta tímabilsins voru kostaðar af sérfræðinganevnd um Mývatnsrannsóknir. Margir starfsmenn Veiðimálastofnunar (nú Hafrannsóknastofnunar) og Rannsóknastöðvarinnar hafa komið að rannsóknunum á rannsóknatímanum. Eydís Njarðardóttir aðstoðaði við veiðar, sýnatöku og skráningu gagna. Magnús Jóhannsson las yfir og færði margt til betri vegar. Gott samstarf hefur verið við stjórn og félagsmenn í Veiðifélagi Mývatns sem lagt hafa gagnasöfnun lið, skráð veiði og veiðisókn.

Heimildir

Amundsen, P.-A. (1995). Strategy of Arctic charr (*Salvelinus alpinus*): general opportunist, but individual specialist. *Nordic Fresw. Res.* 71:150-156.

Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson. (1991). *Náttúra Mývatns*. Hið íslenska náttúrufræðifélag. Reykjavík. 372 bls.

Arnþór Garðarsson, Árni Einarsson, Gísli Már Gíslason, Þóra Hrafnadóttir, Haraldur R. Ingvason, Erlendur Jónsson og Jón S. Ólafsson. (2004). Population fluctuation of chironomid and simuliid Diptera at Myvatn in 1977-1996. *Aquatic ecology* 38: 209-217.

Árni Einarsson. (1991). Lífríki í 1000 ár. Í: A. Gardarsson and Á Einarsson (ritstj.): Náttúra Mývatns (bls. 321-336). Hið íslenska náttúrufræðifélag, Reykjavík.

Árni Einarsson og Ramesh D. Gulati (ritstj.). (2004). Ecology of Lake Myvatn an the River Laxá: Temporal and Spatial Variation. *Aquatic Ecology* 38. Special Issue. Kluwer Academic Publisher.

Árni Einarsson, Gerður Stefánsdóttir, Helgi Jóhannesson, Jón S. Ólafsson, Gísli Már Gíslason, Isamu Wakana, Guðni Guðbergsson og Arnþór Garðarsson. (2004). The ecology of Lake Myvatn and the River Laxá: Variation in space and time. *Aquatic ecology* 38: 317-348.

Árni Einarsson og Erla Björk Örnólfsdóttir. (2004). Long-term changes in benthic Cladocera populations in Lake Myvatn, Iceland. *Aquatic Ecology* 38: 253-262.

Bagenal T.B. og Tesch F.W. (1979). Age and growth. Í: TB Bagenal (ritstj.) Methods for Assessment of Fish Production in Fresh Waters (bls.101-164). IBP Handbook Blackwell, Oxford. Þriðja útgáfa..

Bjarni Sæmundsson. (1923). Andvari. *Fiskirannsóknir 1921-1922*. bls. 91-107.

Guðjón Atli Auðunsson, Jón Ólafsson, Guðni Guðbergsson og Hilmar J. Malmquist. (2010). Kvikasilfur í urriða á Íslandi. Veggspjald birt á kynningarfundi hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

Finnur Guðmundsson. (1979). The past status and exploitation of the Myvatn waterfowl populations. *Oikos* 32: 232—249.

Guðni Guðbergsson. (1991). *Silungsrannsóknir í Mývatni 1986-1990*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/91013. 81 bls.

Guðni Guðbergsson. (1992). *Silungsrannsóknir í Mývatni 1991*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/92009, 49 bls.

Guðni Guðbergsson. (1993). *Silungsrannsóknir í Mývatni 1992*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/93012, 38 bls.

Guðni Guðbergsson. (1994a). *Silungsrannsóknir í Mývatni 1993*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/94015, 21 bls.

Guðni Guðbergsson. (1994b). Populasjonssvingningar hos røye i Myvatn, Nordøst-Island. *Fauna*, vol 47, nr.3 bls. 230-235.

Guðni Guðbergsson. (1995). *Silungsrannsóknir í Mývatni 1994*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/95020, 20 bls.

Guðni Guðbergsson. (1996). *Silungsrannsóknir í Mývatni 1995*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/96013. 20 bls.

Guðni Guðbergsson. (1997). *Silungsrannsóknir í Mývatni 1996*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/97016, 21 bls.

Guðni Guðbergsson. (2000). *Silungsveiði í Mývatni á árunum 1985-1998*. Skipting afla milli Ytri- og Syðriflóa. Skýrsla Veiðimálastofnunar. VMST-R/0004. 27 bls.

- Guðni Guðbergsson. (2004). Arctic charr in Lake Myvatn. The centennial catch record in the light of recent stock estimates. *Aquatic Ecology* 38: 271-284.
- Guðni Guðbergsson. (2010). *Silungurinn í Mývatni. Yfirlit yfir rannsóknir og veiðitölur 1986-2009*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/ 10036. 33 bls.
- Guðni Guðbergsson. (2011). *Silungurinn í Mývatni. Yfirlit yfir rannsóknir og veiðitölur 1986-2010*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/11008. 34 bls.
- Guðni Guðbergsson. (2012). *Silungurinn í Mývatni. Yfirlit yfir rannsóknir og veiðitölur 1986-2011*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/12007. 35 bls.
- Guðni Guðbergsson. (2013). *Silungurinn í Mývatni. Yfirlit yfir rannsóknir og veiðitölur 1986-2012*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/13019. 35 bls.
- Guðni Guðbergsson. (2014). *Silungurinn í Mývatni. Yfirlit yfir rannsóknir og veiðitölur 1986-2013*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/14014. 43 bls.
- Guðni Guðbergsson. (2015). *Silungurinn í Mývatni. Yfirlit yfir rannsóknir og veiðitölur 1986-2014*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/15025. 46 bls.
- Guðni Guðbergsson. (2016). *Silungurinn í Mývatni. Yfirlit yfir rannsóknir og veiðitölur 1986-2015*. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/16006. 45 bls.
- Guðni Guðbergsson og Kristinn Ólafur Kristinsson. (2010). *Vöxtur bleikju í Mývatni. Samanburður á vexti bleikju frá 1941-2007*. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST/10043. 21. bls.
- Jonsson B. (1976). Comparison of scales and otoliths for age determination in brown trout (*Salmo trutta* L.). *Norw. J. Zool.* 24: 295—301.
- Jónas Helgason. (1966). Silungsveiði við Mývatn í ritgerð frá 1966. Skjalasafn Veiðimálastofnunar. 19 bls.
- Jón R. Hjálmarsson. (1987). *Silungsveiði í Mývatni. Illugi á Bjargi í Mývatnssveit segir frá í samtali snemma árs 1982*. Árbók Þingeyinga 1987. Bls. 16-26.
- Jón Kristjánsson og Hákon Aðalsteinsson. (1984). *The ecology and management of Arctic charr in Lake Myvatn*. Bls. 341-347 Í: Johnson L. og B.L. Burns (ritstj.) *Biology of the Arctic Charr*. Univ. Manitoba Press. Winnipeg. Kanada.
- Jón Kristjánsson. (1991). *Fiskurinn í Mývatni og Laxá*. Í: Arnþór Garðarsson og Árni Einarsson (ritstj.): *Náttúra Mývatns* (bls. 257-277). Hið íslenska náttúrufræðifélag, Reykjavík.
- Jón Ólafsson. (1979). Physical characteristics of Lake Myvatn and River Laxa. *Oikos* 32: 38-66.
- Jón Ólafsson. (1999). *Connections between oceanic conditions off N-Iceland, Lake Myvatn temperature, regional wind direction variability and the North Atlantic Oscillation*. Rit Fiskideildar 16: 41-57.
- Ricker W.E. (1975). *Computation and interpretation of biological statistics of fish populations*. Bull Fish Res Board Can 191.
- Pétur M. Jónasson. (1979). Lake Mývatn. *Oikos*. Árgangur 32. Nr. 1-2. 308 bls.
- Windell J.T. og Bowen S.H. (1978). *Methods for Study of Fish Diets Based on Analysis of Stomach Contents*. Í: T.B. Bagenal (ritstj.) *Methods for Assessment of Fish Production in Fresh Waters* (bls. 219-226). IBP Handbook Blackwell, Oxford. 3. útgáfa.
- Þórgímur Starri Björgvinsson. (1991). *Mývatn fyrr og nú*. Skjalasafn Veiðimálastofnunar. 10 bls.
- Þórður Flóventsson. (1929). *Lax- og silungaklak á Íslandi*. Fjölrítunarstofa G. Guðmundssonar, Reykjavík. 132 bls.

Töflur

Tafla 1. Afli silunga og fjöldi lagna í Mývatni á árunum 1985-2016 skipt milli bleikju og urriða, Syðriflóa og Ytriflóa og milli vetrar- og sumarveiði. *The catch of Arctic charr, brown trout, number of net/night and catch per unit effort (CPUE) in the commercial fishery in Lake Myvatn 1985-2016 divided by season and between the North and South basin of the lake.*

1985		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflói	Vetur	238	122	406	2.22
Syðriflói	Vetur	854	1658	150	2.12
Óþekkt	Vetur	191	324	57	1.99
Alls	Vetur	1283	2104	613	2.12
Ytriflói	Sumar	858	999	561	1.82
Syðriflói	Sumar	8621	11566	811	1.44
Óþekkt	Sumar	1367	1456	798	1.65
Alls	Sumar	10846	14021	2170	1.49
Alls		12129	16125	2783	1.56

1986		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflói	Vetur	874	759	502	1.44
Syðriflói	Vetur	11023	14397	181	1.32
Óþekkt	Vetur	170	182	23	1.21
Alls	Vetur	12067	15338	706	1.33
Ytriflói	Sumar	1981	2128	630	1.39
Syðriflói	Sumar	15684	24931	756	1.64
Óþekkt	Sumar	563	1023	324	2.39
Alls	Sumar	18228	28082	1710	1.63
Alls		30295	43420	2416	1.51

1987		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflói	Vetur	816	585	475	1.30
Syðriflói	Vetur	7425	5265	195	0.74
Óþekkt	Vetur	656	551	95	0.98
Alls	Vetur	8897	6401	765	0.81
Ytriflói	Sumar	797	461	405	1.09
Syðriflói	Sumar	7007	4990	676	0.81
Óþekkt	Sumar	863	446	459	1.05
Alls	Sumar	8667	5897	1540	0.86
Alls		17564	12298	2305	0.83

1988		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflói	Vetur	43	12	113	2.91
Syðriflói	Vetur	1103	920	1139	1.87
Óþekkt	Vetur	60	138	3	2.35
Alls	Vetur	1206	1070	1255	1.93
Ytriflói	Sumar	714	98	623	1.01
Syðriflói	Sumar	345	2617	1281	11.30
Óþekkt	Sumar	278	202	65	0.96
Alls	Sumar	1337	2917	1969	3.65
Alls		2543	3987	3224	2.84

1989		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflói	Vetur	34	16	4	0.59
Syðriflói	Vetur	1921	411	37	0.23
Óþekkt	Vetur	12	12	13	2.08
Alls	Vetur	1967	439	54	0.25
Ytriflói	Sumar	532	90	280	0.70
Syðriflói	Sumar	2896	1565	439	0.69
Óþekkt	Sumar	140	106	139	1.75
Alls	Sumar	3568	1761	858	0.73
Alls		5535	2200	912	0.56

1990		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflói	Vetur	113	55	185	2.12
Syðriflói	Vetur	4594	3159	38	0.70
Óþekkt	Vetur	70	53	27	1.14
Alls	Vetur	4777	3267	250	0.74
Ytriflói	Sumar	1216	1171	507	1.38
Syðriflói	Sumar	7394	7074	353	1.00
Óþekkt	Sumar	54	337	121	8.48
Alls	Sumar	8664	8582	981	1.10
Alls		13441	11849	1231	0.97

1991		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflói	Vetur	240	85	66	0.63
Syðriflói	Vetur	2851	976	56	0.36
Óþekkt	Vetur		22	0	
Alls	Vetur	3091	1083	122	0.39
Ytriflói	Sumar	1053	321	535	0.81
Syðriflói	Sumar	4960	3044	670	0.75
Óþekkt	Sumar		43	2	
Alls	Sumar	6013	3408	1207	0.77
Alls		9104	4491	1329	0.64

1992		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflói	Vetur	64	21	0	0.33
Syðriflói	Vetur	4137	1879	43	0.46
Óþekkt	Vetur		36	0	
Alls	Vetur	4201	1936	43	0.47
Ytriflói	Sumar	475	77	414	1.03
Syðriflói	Sumar	7985	5176	642	0.73
Óþekkt	Sumar		96	33	
Alls	Sumar	8460	5349	1089	0.76
Alls		12661	7285	1132	0.66

Tafla 1. (framhald) (continued).

1993		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	137	20	66	0.63
Syðriflóí	Vetur	2507	804	58	0.34
Óþekkt	Vetur		20	0	
Alls	Vetur	2644	844	124	0.37
Ytriflóí	Sumar	766	252	167	0.55
Syðriflóí	Sumar	9133	20247	179	2.24
Óþekkt	Sumar	217	343	162	2.33
Alls	Sumar	10116	20842	508	2.11
Alls		12760	21686	632	1.75

1994		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	75	67	50	1.56
Syðriflóí	Vetur	7560	7538	80	1.01
Óþekkt	Vetur	298	381	36	1.40
Alls	Vetur	7933	7986	166	1.03
Ytriflóí	Sumar	2274	2456	1252	1.63
Syðriflóí	Sumar	10557	18642	231	1.79
Óþekkt	Sumar	118	253	15	2.27
Alls	Sumar	12949	21351	1498	1.76
Alls		20882	29337	1664	1.48

1995		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	434	322	149	1.09
Syðriflóí	Vetur	3732	2781	47	0.76
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	4166	3103	196	0.79
Ytriflóí	Sumar	1529	1588	919	1.64
Syðriflóí	Sumar	7017	19044	347	2.76
Óþekkt	Sumar	12	12	12	2.00
Alls	Sumar	8558	20644	1278	2.56
Alls		12724	23747	1474	1.98

1996		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	149	102	401	3.38
Syðriflóí	Vetur	4269	3474	196	0.86
Óþekkt	Vetur		18	0	
Alls	Vetur	4418	3594	597	0.95
Ytriflóí	Sumar	619	337	612	1.53
Syðriflóí	Sumar	8266	13446	557	1.69
Óþekkt	Sumar	438	603	317	2.10
Alls	Sumar	9323	14386	1486	1.70
Alls		13741	17980	2083	1.46

1997		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	498	651	333	1.98
Syðriflóí	Vetur	3628	2126	70	0.61
Óþekkt	Vetur	36	42	41	2.31
Alls	Vetur	4162	2819	444	0.78
Ytriflóí	Sumar	860	531	962	1.74
Syðriflóí	Sumar	4376	5423	611	1.38
Óþekkt	Sumar	15	113	18	8.73
Alls	Sumar	5251	6067	1591	1.46
Alls		9413	8886	2035	1.16

1998		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	852	397	423	0.96
Syðriflóí	Vetur	2406	736	95	0.35
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	3258	1133	518	0.51
Ytriflóí	Sumar	1441	1163	1821	2.07
Syðriflóí	Sumar	2824	2661	322	1.06
Óþekkt	Sumar		115	6	
Alls	Sumar	4265	3939	2149	1.43
Alls		7523	5072	2667	1.03

1999		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	922	1010	548	1.69
Syðriflóí	Vetur	2291	1945	51	0.87
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	3213	2955	599	1.11
Ytriflóí	Sumar	1764	2966	651	2.05
Syðriflóí	Sumar	7630	16124	420	2.17
Óþekkt	Sumar	632	829	333	1.84
Alls	Sumar	10026	19919	1404	2.13
Alls		13239	22874	2003	1.88

2000		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	279	95	318	1.48
Syðriflóí	Vetur	1536	517	21	0.35
Óþekkt	Vetur	22	23	3	1.18
Alls	Vetur	1837	635	342	0.53
Ytriflóí	Sumar	283	115	212	1.16
Syðriflóí	Sumar	2533	1802	292	0.83
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	2816	1917	504	0.86
Alls		4653	2552	846	0.73

Tafla 1. (framhald) (continued).

2001		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli á sókn
Ytriflóí	Vetur	198	53	223	1.39
Syðriflóí	Vetur	1812	1073	13	0.60
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	2010	1126	236	0.68
Ytriflóí	Sumar	468	261	354	1.31
Syðriflóí	Sumar	2785	2103	294	0.86
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	3253	2364	648	0.93
		5263	3490	884	0.83

2002		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli á sókn
Ytriflóí	Vetur	333	169	37	0.62
Syðriflóí	Vetur	1619	597	54	0.40
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	1952	766	91	0.44
Ytriflóí	Sumar	443	312	271	1.32
Syðriflóí	Sumar	1101	592	331	0.84
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	1544	904	602	0.98
Alls		3496	1670	693	0.68
			82*	495*	

2003		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli á sókn
Ytriflóí	Vetur	100	53	81	1.34
Syðriflóí	Vetur	782	501	209	0.91
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	882	554	290	0.96
Ytriflóí	Sumar	168	31	194	1.34
Syðriflóí	Sumar	939	470	338	0.86
Óþekkt	Sumar	9	2	5	0.78
Alls	Sumar	1116	503	537	0.93
		1998	1057	827	0.94
			82*	495*	

2004		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli á sókn
Ytriflóí	Vetur	293	332	189	1.78
Syðriflóí	Vetur	310	199	28	0.73
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	603	531	217	1.24
Ytriflóí	Sumar	726	273	343	0.85
Syðriflóí	Sumar	1718	760	495	0.73
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	2444	1033	838	0.77
Alls		3047	1564	1055	0.86
			82*	495*	

2005		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli á sókn
Ytriflóí	Vetur	136	121	12	0.98
Syðriflóí	Vetur	307	131	27	0.51
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	443	252	39	0.66
Ytriflóí	Sumar	127	95	63	1.24
Syðriflóí	Sumar	934	894	305	1.28
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	1061	989	368	1.28
		1504	1241	407	1.10
			82*	495*	

2006		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli á sókn
Ytriflóí	Vetur				
Syðriflóí	Vetur	544	184	36	0.40
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	544	184	36	0.40
Ytriflóí	Sumar				
Syðriflóí	Sumar	737	462	192	0.89
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	737	462	192	0.89
		1281	646	228	0.68
Veitt á stöng 10 silungar			82*	495*	

2007		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli á sókn
Ytriflóí	Vetur	142	51	2	0.37
Syðriflóí	Vetur	1348	480	56	0.40
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	1490	531	58	0.40
Ytriflóí	Sumar	189	56	65	0.64
Syðriflóí	Sumar	602	459	160	1.03
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	791	515	225	0.94
		2281	1046	283	0.58
			82*	495*	

2008		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli á sókn
Ytriflóí	Vetur	194	57	21	0.40
Syðriflóí	Vetur	901	431	58	0.54
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	1095	488	79	0.52
Ytriflóí	Sumar	311	121	143	0.85
Syðriflóí	Sumar	1633	1915	250	1.33
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	1944	2036	393	1.25
		3039	2524	472	0.99
			82*	495*	

Tafla 1. (framhald) (continued).

2009		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	155	135	23	1,02
Syðriflóí	Vetur	2072	1813	147	0,95
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	2227	1948	170	0,95
Ytriflóí	Sumar	468	217	526	1,59
Syðriflóí	Sumar	2263	3105	246	1,48
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	2731	3322	772	1,50
Alls		4958	5270	942	1,25
Veitt á dorg 6 silungar		71*	937*		

2011		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	94	43	364	4,33
Syðriflóí	Vetur	546	478	356	1,53
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	640	521	720	1,94
Ytriflóí	Sumar	246	11	407	1,70
Syðriflóí	Sumar	592	65	935	1,69
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	838	76	1342	1,69
Alls		1478	597	2062	1,80

2013		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	111	27	327	3,19
Syðriflóí	Vetur	660	412	147	0,85
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	771	439	474	1,18
Ytriflóí	Sumar	400	13	898	2,28
Syðriflóí	Sumar	473	103	516	1,31
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	873	116	1414	1,75
Alls		1644	555	1888	1,49
Ytriflóí dorg og stöng				32	
Syðriflóí dorg og stöng			10	4	

2015		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	128	31	352	2,99
Syðriflóí	Vetur	722	537	142	0,94
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	850	568	494	1,25
Ytriflóí	Sumar	330	30	451	1,46
Syðriflóí	Sumar	619	132	553	1,11
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	949	162	1004	1,23
Alls		1799	730	1498	1,24
Syðriflóí dorg og stöng			29	0	
			15*	336*	
Alls veiði			774	1834	

* fjöldi lagna ekki þekktur

2010		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	449	215	610	1,84
Syðriflóí	Vetur	2111	1999	277	1,08
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	2560	2214	887	1,21
Ytriflóí	Sumar	734	95	1489	2,16
Syðriflóí	Sumar	2072	3276	468	1,81
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	2806	3371	1957	1,90
Alls		5366	5585	2844	1,57
Veitt á stöng Syðriflóí			99		
Veitt á stöng Ytriflóí				95	

2012		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	193	57	486	2,81
Syðriflóí	Vetur	972	773	720	1,54
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	1165	830	1206	1,75
Ytriflóí	Sumar	376	36	900	2,49
Syðriflóí	Sumar	692	93	985	1,56
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	1068	129	1885	1,89
Alls		2233	959	3091	1,81

Ytriflóí dorg og stöng			1	65	
Syðriflóí dorg og stöng			1	5	

2014		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	200	17	424	2,21
Syðriflóí	Vetur	392	392	255	1,65
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	592	409	679	1,84
Ytriflóí	Sumar	287	71	743	2,84
Syðriflóí	Sumar	345	122	334	1,32
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	632	193	1077	2,01
Alls		1224	602	1756	1,93
Syðriflóí dorg og stöng			43	0	

2016		Fjöldi lagna	Fjöldi bleikja	Fjöldi urriða	Afli í lögn
Ytriflóí	Vetur	168	105	162	1,59
Syðriflóí	Vetur	358	556	23	1,62
Óþekkt	Vetur				
Alls	Vetur	526	661	185	1,61
Ytriflóí	Sumar	197	90	257	1,76
Syðriflóí	Sumar	280	119	147	0,95
Óþekkt	Sumar				
Alls	Sumar	477	209	404	1,29
Alls		1003	870	589	1,45
Syðriflóí dorg og stöng			17	0	


Tafla 2. Sókn og afli bleikju og urriða í netaveiði í Mývatni árið 2016 skipt eftir mánuðum. *The fishing effort, by month, measured in the number of net/night in Lake Myvatn.*

Mánuður	Fjöldi lagna	Afli bleikju	Afli urriða	Afli alls	Afli bleikju/lögn	Afli urriða/lögn	Afli alls/lögn
Óþekkt	0	0	0	0			
Mars	449	658	24	682	1,47	0,05	1,52
Apríl	20	0	67	67	0,00	3,35	3,35
Maí	57	3	94	97	0,05	1,65	1,70
Júní	139	32	154	186	0,23	1,11	1,34
Júlí	122	78	55	133	0,64	0,45	1,09
Ágúst	216	99	195	294	0,46	0,90	1,36
Alls	1003	870	589	1459	0,87	0,59	1,45


Tafla 3. Heildarafli bleikju í vetrarveiði, heildarfjöldi lagna í vetrarveiði, "megin veiðivikur", afli í veiðiviku, jafna aðhvarfslínu afla á móti uppsöfnuðum fjölda lagna, aðhvarfsstuðull (R^2), hlutfall þess sem hvert net tekur af veiðistofn (q) veiðistofn í upphafi veiðitíma (N_0) og hlutfall veiði af veiðistofni í upphafi veiðitíma. Mat á stofnstærð frá árinu 2011 hefur byggst á veiði eftir dögum í mars. *Arctic charr catch, number of nets in gillnets in winter fishery (net/nights), equation of the regression line, regression coefficient (R^2), the coefficient (q) the proportion of stock one net takes over one night. The estimated stock size in the beginning of the fishing season (N_0) and the exploitation rate (%).*

Ár	Alls		Veiði vikur	Alls		Jafna fyrir		R^2	q	Veiðistofn		Veiði-hlutfall (%)
	Afli	Lagnir		Afli	Lagnir	Afli/lagnir á móti uppsöfnuðum afla	N_0					
1986	14912	11801	1-16	13271	11801	$y = -9 \cdot 10^{-5} x + 2.02$	0.82	$6.86 \cdot 10^{-5}$	21892	60,6		
1987	5880	8109	5-16	5815	7959	$y = -4 \cdot 10^{-4} x + 2.11$	0.70	$6.42 \cdot 10^{-5}$	6413	90,7		
1988	772	907	4-16	772	907	$y = -1.6 \cdot 10^{-3} x + 1.52$	0.87	$4.98 \cdot 10^{-5}$	936	82,5		
1989	375	1903	5-17	375	1903	$y = -1.1 \cdot 10^{-3} x + 0.50$	0.88	$1.79 \cdot 10^{-6}$	438	85,6		
1990	3062	4600	6-16	2598	3614	$y = -5 \cdot 10^{-4} x + 1.74$	0.69	$8.32 \cdot 10^{-6}$	3238	80,2		
1991	989	3073	5-17	989	3073	$y = -5 \cdot 10^{-4} x + 0.62$	0.73	$1.50 \cdot 10^{-5}$	1371	72,1		
1992	1730	3709	6-16	1730	3709	$y = -1.4 \cdot 10^{-3} x + 2.33$	0.87	$2.59 \cdot 10^{-5}$	1677	103,2		
1993	834	2636	6-17	834	2636	$y = -7 \cdot 10^{-4} x + 0.69$	0.74	$2.50 \cdot 10^{-5}$	1022	81,6		
1994	7720	7540	5-17	7720	7540	$y = -3 \cdot 10^{-4} x + 2.76$	0.93	$5.03 \cdot 10^{-5}$	8717	88,6		
1995	2229	3155	5-14	2229	3155	$y = -8 \cdot 10^{-4} x + 2.03$	0.72	$3.48 \cdot 10^{-5}$	2466	90,4		
1996	3299	4123	5-16	3299	4123	$y = -5 \cdot 10^{-4} x + 2.09$	0.84	$3.92 \cdot 10^{-5}$	3805	86,7		
1997	2426	3744	5-16	2426	3744	$y = -1 \cdot 10^{-3} x + 2.32$	0.61	$3.50 \cdot 10^{-5}$	2407	100,8		
1998	835	2947	5-15	835	2831	$y = -5 \cdot 10^{-4} x + 0.52$	0.79	$1.36 \cdot 10^{-5}$	1112	75,1		
1999	2517	2919	5-15	2251	2565	$y = -9 \cdot 10^{-4} x + 2.23$	0.81	$4.36 \cdot 10^{-5}$	2600	86,6		
2000	573	1766	6-16	520	1605	$y = -1.5 \cdot 10^{-5} x + 0.77$	0.71	$1.68 \cdot 10^{-5}$	584	89,0		
2001	1127	2010	5-17	1056	1680	$y = -1.7 \cdot 10^{-3} x + 1.27$	0.64	$2.27 \cdot 10^{-5}$	1601	66,5		
2002	766	1952	6-14	652	1735	$y = -1.4 \cdot 10^{-3} x + 0.91$	0.82	$5.10 \cdot 10^{-5}$	769	81,6		
2003	554	882	6-13	361	485	$y = -2.5 \cdot 10^{-3} x + 1.27$	0.63	$3.15 \cdot 10^{-5}$	517	69,8		
2004	531	603	6-14	465	479	$y = -2.8 \cdot 10^{-3} x + 1.78$	0.72	$3.47 \cdot 10^{-5}$	652	71,4		
2005	252	443	11-13	277	524	$y = -2.0 \cdot 10^{-3} x + 0.94$	0.99	$6.48 \cdot 10^{-6}$	475	58,3		
2006	184	544	9-13	166	520	$y = -2.7 \cdot 10^{-3} x + 0.641$	0.87	$6.48 \cdot 10^{-7}$	238	69,8		
2007	531	1490	7-11	515	1409	$y = -2.3 \cdot 10^{-3} x + 1.26$	0.92	$6.48 \cdot 10^{-8}$	561	91,8		
2008	309	748	7-13	284	680	$y = -1.8 \cdot 10^{-3} x + 0.78$	0.87	$2.09 \cdot 10^{-5}$	440	64,6		
2009	1948	2222	7-14	1563	1663	$y = -1.1 \cdot 10^{-3} x + 2.11$	0.88	$4.52 \cdot 10^{-5}$	1870	83,6		
2010	2214	2560	7-17	1639	1866	$y = -5.7 \cdot 10^{-4} x + 1.45$	0.69	$3.45 \cdot 10^{-5}$	2532	64,7		
2011	521	640	2-14 mars	409	340	$y = -1.13 \cdot 10^{-3} x + 1.53$	0.17	$5.23 \cdot 10^{-5}$	1163	35,2		
2012	830	1165	2-14 mars	583	517	$y = -7.0 \cdot 10^{-4} x + 1.38$	0.29	$5.21 \cdot 10^{-5}$	1865	31,3		
2013	439	771	2-14 mars	386	401	$y = -2.12 \cdot 10^{-3} x + 1.07$	0.26	$4.55 \cdot 10^{-5}$	1058	36,5		
2014	411	200	2-14 mars	416	519	$y = 0.05 \cdot 10^{-3} x + 0.02$	0.02	$4.10 \cdot 10^{-5}$	-	-		
2015	544	519	2-14 mars	544	417	$y = 8 \cdot 10^{-4} x + 1.14$	0.16	$6.08 \cdot 10^{-5}$	-	-		
2016	661	526	13-28 mars	553	347	$y = 3.8 \cdot 10^{-3} x + 2.80$	0.42	$6.55 \cdot 10^{-5}$	747	74,0		


Myndir




1. mynd. Kort sem sýnir staðsetningu veiðisvæða í rannsóknaveiðum í Mývatni. *Location of sites for monitoring fishery in Lake Myvatn.*




2. mynd. Fjöldi veiddra silunga í Mývatni á árunum 1900 – 2016 samkvæmt veiðiskýrslum Veiðifélags Mývatns. Gefin er meðalveiði tímabila. *Annual catch of Arctic charr and brown trout in Lake Myvatn 1900-2016 as recorded by the Myvatn Fisheries association. The mean catch for periods is given.*




3. mynd. Skráð urriðaveiði í Mývatni á árunum 1970-2016 samkvæmt veiðiskýrslum. Urriðaveiði í Mývatni 1981 og 1982 var ekki skráð sérstaklega. Sýnd er meðalveiði yfir tímabilið. *Annual catch of brown trout in Lake Myvatn 1970-2016 as recorded by the Myvatn Fisheries Association. The average catch is given. No catch recording is available for 1981-1982 due to fishing regulation by quota.*




4. mynd. Meðalafli silungs (bleikju og urriða) á hverja sóknareiningu (netanótt) í Mývatni á árunum 1985-2016. Average catch per unit effort (CPUE, net/night) of Arctic charr and brown trout in Lake Myvatn 1985–2016.




5. mynd. Meðalafli bleikju og urriða á hverja sóknareiningu í vetrarveiði í Syðriflóa og Ytriflóa Mývatns á árunum 1985-2016. Average catch per unit effort (net/night) of Arctic charr and brown trout in the South and North basin of lake Myvatn during the winter fishing season 1985-2016.




6. mynd. Meðalflái bleikju og urriða ha hverja sóknareiningu í sumarveiði í Syðriflóa og Ytriflóa Mývatns á árunum 1985-2016. Average catch per unit effort (net/night) of Arctic charr and brown trout in the South and North basin of lake Myvatn during the summer fishing season 1985-2016.




7. mynd A. Lengdardreifing bleikju í rannsóknaveiðum í Syðriflóa Mývatns á árunum 1986-1992. *The length distribution of Arctic charr in monitoring fishery in Lake Myvatn 1986-1992.*




7. mynd B. Lengdardreifing bleikju í rannsóknaveiðum í Syðriflóa Mývatns á árunum 1993 -1999. *The length distribution of Arctic charr in monitoring fishery in Lake Myvatn 1993-1999.*




7. mynd C. Lengdardreifing bleikju í rannsóknaveiðum í Syðriflóa Mývatns á árunum 2000 -2006. *The length distribution of Arctic charr in monitoring fishery in Lake Myvatn 2000-2006.*




7. mynd D. Lengdardreifing bleikju í rannsóknaveiðum í Syðriflóa Mývatns á árunum 2007 -2013. *The length distribution of Arctic charr in monitoring fishery in Lake Myvatn 2007-2013.*




7. mynd E. Lengdardreifing bleikju í rannsóknaveiðum í Syðriflóa Mývatns á árunum 2014 -2016. *The length distribution of Arctic charr in monitoring fishery in Lake Myvatn 2014-2016.*




8. mynd. Hlutfallslegt (%) frávik meðalþyngdar bleikju í rannsóknarveiðum í Syðriflóa Mývatns frá meðalþyngd árána 1986 – 2000. Meðalþyngd hverrar lengdar er reiknuð út frá aðhvarfslínu sambands lengdar og þyngdar (J táknar veiði að vori og S að hausti). *Deviation from the average weight (1986-2000) of Arctic charr in monitoring fisheries in Syðriflóa of Lake Myvatn 1986–2016. (J = June, S = September).*




9. mynd. Hlutfallsleg skipting fæðu bleikju í rannsóknaveiðum í Mývatni 1986-2016 (S táknar fæðu síðsumars og J í júní). *Stomach content of Arctic charr in monitoring sampling in Lake Myvatn 1986–2016.*




10. mynd. Meðaltalsafli möskva rannsóknaræta í Mývatni. Tekin er saman afli 16,5-25 mm möskva sem mat á fjölda smábleikju og 30-50 mm sem mat á fjölda í veiðistofni. *Catch per unit effort (CPUE) of Arctic charr in Lake Myvatn for combined mesh sizes 16,5-25mm and 30-50 mm, which is the catchable part of the stock.*




11. mynd. Tengsl stofnmats (árið t) metið út frá afli í 30 – 50 mm möskva í rannsóknaveiði og stofnmats metið út frá afli í vetrarveiði árið á eftir (t+1). Mat árána 2015-2016 er sýnt með rauðum punkti. *The relationship between the estimated stock size in the monitoring fishery and the estimated stock size at the beginning of the subsequent fishing season.*




12. mynd. Tengsl afla í sumarveiði og vetrarveiði árið á eftir. Sumarveiði 2015 og vetrarveiði 2016 er auðkennd með rauðum punkti. *The relationship between the catch of Arctic charr in the summer and subsequent winter fishing season in Lake Myvatn.*




13. mynd. Tengsl fjölda lagna og afla bleikju (fjöldi) í vetrarveiði 1985-2016. Veiði 2016 er auðkennd með rauðum punkti. *The relationship between the number of nets and the catch of Arctic charr (number) in the winter fishing season in Lake Myvatn 1985-2016.*




14. mynd. Tengsl fjölda lagna og afa (fjöldi) bleikju í sumarveiði. Veiði 2016 er auðkennd með rauðum punkti. *The relationship between the number of nets and the catch of Arctic charr inn numbers in the summer fishing season in Lake Myvatn 1985-2016.*




15. mynd. Tengsl fjölda lagna og afa (fjöldi) bleikju á árunum 1985-2016 samanlagt fyrir sumar- og vetrarveiði. Veiði 2016 er auðkennd með rauðum punkti. *The relationship between the number of nets and the total catch of Arctic charr and brown trout in Lake Myvatn 1985-2016.*




16. mynd. Afli (fjöldi) bleikju á hverja sóknareiningu í Mývatni árunum 1985-2016 skipt milli vetrarveiði og sumarveiði. *The catch per unit effort (CPUE in numbers) of Arctic charr for the winter and summer fishing season 1985-2016.*




17. mynd. Fjöldi lagna (net x nótt) skipt milli vetrarveiði og sumarveiði í Mývatni á árunum 1985-2016 skipt milli Syðriflóa og Ytriflóa. *The number of net/nights used in the commercial fishery in Lake Myvatn for the winter and summer fishing season in the North and South basin of Lake Myvatn.*



18. mynd. Afli bleikju (fjöldi fiska) á hverja sóknareiningu (fjöldi neta) í rannsóknarveiðum í Mývatni 1986-2016 skipt á milli Syðriflóa og Ytriflóa. *Catch per unit effort (CPUE in numbers) of Arctic charr in the South and North basin of Lake Myvatn.*



19. mynd. Afli urriða (fjöldi fiska) á hverja sóknareiningu (fjöldi neta) í rannsóknarveiðum í Mývatni 1986-2016 skipt á milli Syðriflóa og Ytriflóa. *Catch per unit effort (CPUE) of brown trout in the South and North basin of Lake Myvatn.*



20. mynd. Hlutfall á milli afla bleikju og urriða á hverja sóknareiningu í rannsóknaveiði í Mývatni á árunum 1986-2016. *The proportion of Arctic charr to brown trout catch per unit effort (CPUE) in Lake Myvatn 1986-2016.*



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna